

Ársskýrsla 2005



Samtök iðnaðarins

Stjórn SI árið 2005



Vilundur Jósefsson
formaður
Gæðafæði ehf.



Hörður Arnarson
varaformaður
Marel hf.



Halla Bogadóttir
ritari
Halla Boga



Aðalheiður Héðinsdóttir
Kaffitár ehf.



Hreinn Jakobsson
Skýrr hf.



Loftur Árnason
Ístak hf.



Sigurður Bragi Guðmundsson
Plastprent hf.



Þorsteinn Víglundsson
BM Vallá ehf.

Stjórnarfundir

Árið 2005 kom stjórn Samtaka iðnaðarins saman til 15 stjórnarfunda. Auk þess taka stjórnarmenn virkan þátt í ýmsum verkefnum á vegum SI, m.a. málefnavinnu þar sem þeir taka þátt í stefnumótun með félagsmönnum en stjórn SI hefur ávallt lagt ríka áherslu á stefnumótun og náð samráð við félagsmenn. Eins og gefur að skilja eru mörg og margvísleg málefni sem stjórnin þarf að fjalla um en félagsmenn margir og þarfir fyrirtækjanna mismunandi. Árið 2005 lætur nærri að um 130 mismunandi málefni hafi verið á borði stjórnarinnar.

Útgefandi **Samtök iðnaðarins**, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

Ritstjórn: Jón Steindór Valdimarsson

Ljósmyndir: Odd Stefán, Jóhannes Long

Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Prentvinnsla: Prenttækni ehf.

Skýr stefna og markvissar aðgerðir



Vilundur Jósefsson

Stöðugleiki, vaxtastig og launapróun

Vaxtastig og launahækkunir á Íslandi, langt umfram það sem þekkist hjá nágretta- og samkeppnisþjóðum, er þungbært öllum rekstri. Launapróun og vextir hérlendis verða að vera sambærileg því sem tíðkast í helstu samkeppnislöndum. Hvorugt mun nást nema Ísland verði hluti af stærra myntsvæði og evran leysi íslensku krónuna af hólmi. Sveiflur í gengi krónunnar eru of miklar. Sprotta- og nýsköpunarfyrirtæki, sem byggja flest vöxt sinn á að sækja á erlenda markaði, þola þetta ástand sérlega illa. Taka má undir með Halldóri Ásgrímssyni, forsætisráðherra, að furðu lítið hefur verið rætt um leiðir til að ráða varanlega bót á þessari alvarlegu meinsemd í íslensku atvinnulífi.

Stefnumótun um uppbyggingu hátækni

Í hnattvæddum heimi eru bæði fyrirtæki og öll ríki heimsins í síharðnandi samkeppni um fjármagn, framleiðslu og fólk. Harðast er barist um þau störf sem skapa mestu framleiðsluverðmætin. Það er mikill misskilningur ef menn halda að á Íslandi geti hátækniðnaður byggst upp af sjálfu sér á sama tíma og margar helstu samkeppnisþjóðir okkar hafa markað stefnu og sett sér skýr markmið um að byggja upp og laða til sín hátækni-fyrirtæki. Stjórn Samtaka iðnaðarins er þeirrar skoðunar að stjórnvöld, í samvinnu við hagsmunaaðila, þurfi að móta skýra stefnu um að hvetja til og greiða enn frekar fyrir uppbyggingu hátækniðnaðar á Íslandi.

Endurskoðun á stuðningsumhverfi atvinnulífsins

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hyggst beita sér fyrir að stuðningur við atvinnuþróun og nýsköpun verði endurskoðaður. Það er löngu tímabært að móta heildarstefnu sem tekur til allra þátta þeirrar starfsemi sem stjórnvöld koma að og er ætlað að efla nýsköpun og vöxt í atvinnulífinu til aukinnar hagsældar fyrir landsmenn. Fyrstu hugmyndir um slíka endurskipulagningu hafa verið kynntar. Samtök iðnaðarins taka undir að sértækar aðgerðir,

sem byggjast á mismunun fyrirtækja eftir staðsetningu eða atvinnugreinum, séu hvorki vænlegar til árangurs né í takt við tímann. Stoðkerfi atvinnulífsins á að vera almennt og gegnsætt.

Þrjár stoðir - ein stefna

Núverandi stoðkerfi er of sundurlaust og máttvanna. Þar er enn aðgreining milli atvinnugreina og landshluta. Á sviði ráðgjafar og þjónustu fyrir atvinnulífið er ríkust þörf fyrir uppstokkun og þar vantar sárlega hornstein á borð við Tækniþróunarsjóð og Nýsköpunarsjóð til að byggja á. Styrkja-kerfið á að byggja á grunni Tækniþróunarsjóðs en hann þarf að efla meira og hraðar en nú er gert ráð fyrir. Á sama hátt er grunnur fyrir áhættufjárfestingar á frumstigi fyrir hendi í Nýsköpunarsjóði. Breyta þarf lögum um sjóðinn til að tryggja betur sjálfstæði hans og stöðugleika í starfsemi. Stuðningur við atvinnulífið á samkvæmt þessu að vera í stórum dráttum þrískiptur en byggjast á einni stefnu. Hugmyndir um að fela Vísinda- og tækniráði þá stefnumótun eru áhugaverðar. Verði niðurstaðan sú þarf hins vegar að auka hlut atvinnulífsins í ráðinu.

Sameining atvinnuvegaráðuneyta og rannsóknastofnana

Endurskipulagning stoðkerfis atvinnulífsins verður hvorki fugl né fiskur ef haldið verður áfram hólfaskiptingu stjórnarráðsins sem ber svip af atvinnulífi liðinnar aldar. Þar ætti fyrsta skrefið að vera að setja á fót eitt atvinnuvegaráðuneyti til að auka skilvirkni í starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Núverandi skipan er löngu úrelt, hefur margvísleg neikvæð áhrif á ákvarðanir stjórnvalda og veldur skaða og mismunun í atvinnulífinu. Af sama meiddi er tillaga Samtaka iðnaðarins um að sameina rannsóknastofnanir atvinnulífsins í eina öfluga stofnun sem starfar náð með háskólum og fyrirtækjum innanlands og utan. Núverandi fyrirkomulag byggist á fortíð og er ekki til þess fallið að þjóna gjörbreyttu atvinnulífi eða stuðla að grósku innan nýrra greina.

Högnumst við á hnattvæðingunni?


Enginn velkist í vafa um að vöxtur stærstu og öflugustu fyrirtækja okkar hefur byggst á því að þau gátu leitað út fyrir landsteinana. Þetta er í daglegu tali nefnd útrás Íslensks atvinnulífs og varla er nokkur maður sem dregur í efa að þetta sé af hinu góða.

Útrás í ólíkum myndum

Fyrir íslensk fyrirtæki er það að sjálfsögðu fyrst og fremst aðgangur að markaði milljónþjóða sem sóst er eftir en einnig tækni- og markaðsþekking, bein fjárfesting erlendis, erlend fjárfesting hér á landi og síðast en ekki síst fyrirtækjarekstur og framleiðsla erlendis í öðru rekstrarumhverfi og hagstæðara en hér er að finna.

Breytt hugarfar - Okkur hentar það sama og öðrum

Enginn vafi leikur á að ekki einasta hefur atvinnulíf okkar tekið stakkaskiptum hin síðari ár heldur hefur hugarfar þjóðarinnar einnig gerbreyst með EES-samningnum fyrir 12 árum. Flestir eru nú sannfærðir um að almennar leikreglur Evrópusambandsríkja henta okkur og fyrirtækjum okkar bara ágætlega.



Mart gott gert

Allar kannanir sýna að lítið atvinnuleysi og sveigjanlegur vinnumarkaður er helsti styrkur okkar. Úrbætur á skattaumhverfi íslenskra fyrirtækja eru stórt skref í þá átt að gera Ísland að álitlegum stað til að fjárfesta og stunda atvinnurekstur. Sama er að segja um aðgang okkar að innri markaði ESB, aukna menntun þjóðarinnar og mikinn frumkvöðlaanda og kraft sem í þjóðinni býr.

Krónan er Akkilesarhæll okkar

En það eru aðrir þættir sem fæla frá og þar vegur áreiðanlega langþingst hin óstöðuga og sveiflukennða mynt okkar. Undanfarið hafa svokölluð ruðningsáhrif verið mjög til umræðu. Þau eru nú eignuð stóriðjuframkvæmdum og áhrifum þeirra en flest bendir til þess að innstreymi fjármagns vegna þessara miklu fjárfestinga sé einungis hluti af skýringunni. Ruðningsáhrif eru ekki nýtt fyrirbæri á Íslandi því að árum og áratugum saman olli uppsveifla í sjávarútvegi því að gengi krónunnar hækkaði upp úr öllu valdi og strádrap iðnaðinn. Nú er það fjárfesting í iðnaði sem er talin undirrót hágengis sem allt er að drepa í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Sams konar áhrif ruddu fólkinu á árum áður úr sveitinni til útgerðarbæjanna þar sem verðmætasköpun var meiri og þar með hægt að standa undir betri launakjörum og lífskjörum en í sveitinni.

Stefnumótun nágrannaþjóða

Nágrannaþjóðir okkar eru í óða önn að móta sér stefnu um það hvernig þær geti sem best tryggt eigin samkeppnishæfni á tímum hnattvæðingar og alþjóðlegrar samkeppni. Danir hafa að finnski fyrirmynd hafið mikla vinnu til að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd. Þeir setja markið hátt og hafa lýst því yfir að Danmörk eigi að verða samkennishæfasta samfélag í heimi árið 2015.

Forskrift Norðurlandanna

Flestir eru sammála um að hingað til hafa Norðurlöndin staðið sig vel í harðnandi samkeppni sem hnattvæðingunni fylgir. Það er því ekki að undra að samtök iðn- og atvinnurekenda á Norðurlöndunum ákváðu að fá hagfræðinga sína til að taka saman skýrslu um þetta efni sem fengið hefur heitið The Nordic Recipe for Global Success eða Forskrift Norðurlandanna að árangri á heimsvísu. Fulltrúi Íslands í þeirri vinnu var Hannes Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA. Hér á eftir er í órستtu máli reynt að rekja helstu niðurstöður:

1. Enginn vafi er á að sveigjanlegur vinnumarkaður skiptir höfuðmáli. Starfsmenn geta á auðveldan hátt flust frá einu starfi til annars.

2. Það þarf að vera sterkur hvati til að vinna og mennta sig. Hvarvetna er lögð höfuðáhersla á að auka menntun, sérstaklega iðn- verk og tæknimenntun.
3. Hvati til vinnu og menntunar felst í hagstæðu skattaumhverfi. Norðurlönd eru flest með mjög mikla skattbyrði og háa jaðarskatta. Þetta takmarkar viljann til vinnu, sérstaklega hjá vel menntuðu og vel launuðu fólki. Afleiðingin verður sú að fýsilegra verður fyrir fyrirtæki, t.d. í hátækniðnaði, að koma sér fyrir annars staðar. Háir jaðarskattar og rausnarleg bótakerfi draga almennt úr viljanum til að vinna.
4. Leggja þarf sérstaka áherslu á rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun. Sérlega er mikilvægt að efla hagnýtar rannsóknir í fyrirtækjunum sjálfum.
5. Halda þarf launahækkunum innan eðlilegra marka. Laun á Norðurlöndum eru með þeim hæstu í heimi og miklar launahækkunar rýra samkeppnisstöðu miðað við keppinauta í nágrannalöndum okkar.
6. Umtalsverður munur verður að vera á tekjum þeirra sem eru í starfi og hinna sem þiggja bætur.
7. Norðurlönd þurfa að skapa hagstæð skilyrði til að byggja upp ný fyrirtæki og laða að erlenda fjárfestingu. Markmiðið er að auka framleiðni með allri nýjustu tækni sem völ er á. Afnám eignarskatta og lækkun fjármagnstekjuskatta er talið afar mikilvægt.
8. Hnattvæðing og tæknivæðing krefjast meiri menntunar og þekkingar til að vinna þau nýju störf sem verða til í stað þeirra sem hverfa. Þess vegna þurfa Norðurlönd að einbeita sér að verðmætari framleiðslu þar sem verðmætastöpun á vinnustund getur staðið undir þeim launum og lífskjörum sem við gerum kröfur til. Þetta krefst þess að starfsmenn séu vel menntaðir og afkastamiklir.
9. Þó að hnattvæðingin veiti aðgang að mörkuðum um víða veröld er þó ljóst að Evrópumarkaður er og verður langt um mikilvægasti markaður Norðurlanda um ókomin ár. Þess vegna skiptir miklu að Evrópa í heild verði samkeppnishæf og þekkingardrífinn efnahagsheild. Í Lissabon-áætluninni felst sú stefna að ESB verði samkeppnishæfasta markaðssvæði í heimi.

Harður slagur

Allar nágrannaþjóðir okkar keppast um að auka menntun og rannsóknir og gæta þess jafnframt að almenn starfsskilyrði fyrir atvinnurekstur séu sem allra best og alls ekki lakari en í nágranna- og samkeppnislöndum. Höfuðáherslan er lögð á að skapa sem flest hátæknistörf þar sem verðmætastöpunin stendur undir þeim kröfum sem við gerum um laun og lífskjör. Fyrirtæki í framleiðslu og þjónustu í ólíkum löndum eiga í harðri og óheftri samkeppni sín á milli. En um leið eiga ríkin sjálf með sín fjarskipta- fjármála-, mennta- og skattkerfi í harðri samkeppni um fjárfestingar, framleiðslu, fjármagn og fólk.



Tímabært að við mótum okkur stefnu

Það er fyllilega tímabært að íslensk stjórnvöld móti stefnu og geri framkvæmdaáætlun um það hvernig íslenskt atvinnulíf eigi að þróast á næstu árum og hvernig best verði tryggt að starfsskilyrði hér verði þannig að íslensk fyrirtæki geti byggt upp starfsemi hér á landi ekki síður en í öðrum löndum. Hér er enga tryggingu hægt að kaupa frekar en í annarri samkeppni.

Gerist ekki af sjálfu sér

Spurningin sem við Íslendingar þurfum að spyrja okkur er þessi: Hvernig ætlum við að standa að því að treysta sveigjanleika á vinnumarkaði, auka hér verk- og tæknimenntun, efla rannsóknir og þróunarstarf, stuðla að nauðsynlegri nýsköpun, tryggja aðgang okkar að erlendum mörkuðum til frambúðar og síðast en ekki síst að tryggja stöðugleika í verðlagi og gengisskráningu og eðlilegt vaxtastig? Þetta gerist ekki af sjálfu sér en ef það gerist ekki þá fara fyrirtækin. Því miður fara þau bestu fyrst. Þau eru mörg þegar með starfsemi erlendis og eiga auðvelt með að auka starfsemina þar en draga úr henni hér heima. Þetta gerist hægt og hljótt. Þegar við sjáum það gerast, eins og þegar Marel ákvað að byggja nýja verksmiðju í Slóvakíu en ekki í Garðabæ, þá höfum við orðið undir í samkeppninni um verðmætastu störfina sem við þurfum mest á að halda. Þá hefur útrásin breyst í flóttu, fyrst og fremst vegna hágengis og hárra vaxta. Það er algert forgangsverkefni að draga úr þessum sveiflum með öllum tiltækum ráðum. Þarna liggur okkar stærsti vandi og um leið mesta hættu í hörðum heimi hnattvæðingarinnar.

Viðurkenning Verðlaunasjóðs iðnaðarins 2005

Á Iðnþingi 18. mars sl. var Friðriki Sigurðssyni, stofnanda og forstjóra Tölvumynda eða TM Software, eins og fyrirtækið heitir nú, veitt viðurkenning Verðlaunasjóðs iðnaðarins fyrir framúrskarandi störf á sviði upplýsingatækni iðnaðar. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, afhenti Friðriki verðlaunin á þinginu en Verðlaunasjóður iðnaðarins var á sínum tíma stofnaður af Kristjáni Friðrikssyni í Últíma.

Í umsögn stjórnar Verðlaunasjóðs iðnaðarins segir m.a.: „Friðrik hefur um árabil verið í forystusveit íslensks hugbúnaðariðnaðar og var einn helsti hvatamaður að stofnun Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja. Þá gegndi hann fyrstur manna formennsku í Fagráði Staðlaráðs í upplýsingatækni. Friðrik hefur einnig, á vegum stjórnvalda, gegnt fjölmörgum nefndar- og stjórnarstörfum sem snerta málefni upplýsingatækni iðnaðar. Með verkum sínum hefur Friðrik skapað umtalsverð verðmæti byggð á þekkingu og þróunarstarfi. Fyrir það veitir Verðlaunasjóður iðnaðarins honum viðurkenningu sína.“ Við afhendingu verðlaunanna á Iðnþingi sagði Friðrik m.a. að mikil uppbygging og vöxtur hefðu einkennt

greinina undanfarin ár en ævintýrið væri þó rétt að byrja. Sér fundist sem það hefði nánast verið í gær en væri nú farið að halla í 20 ár sem barist hefði verið fyrir viðurkenningu greinarinnar sem sjálfstæðrar atvinnugreinar. „Hún var einfaldlega ekki til á korti, hvorki í atvinnugreinaflokkum né tölfraedi um umfang hennar. Hugarfarslega voru menn ekki til í að líta á hana sem sjálfstæða atvinnugrein. Ekkert breytti þó umhverfi okkar meira en ein örlítill breyting á tryggingagjaldi sem bjó til hvata fyrir forsvarsmenn að skrá félög-in með öðrum hætti en verið hafði. Skyndilega varð greinin til. Hún varð sýnileg. Hún eignaðist málsvara hjá Samtökum iðnaðarins og restina af sögunni þekkjá allir.“



Friðrik Sigurðsson með Oddnýju Ólafsdóttur ekkju Kristjáns Friðrikssonar en þau voru stofnendur Verðlaunasjóðs iðnaðarins



Friðrik Sigurðsson tekur við verðlaunum úr hendi iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur

Evrópusamstarf - sóknarfæri á erlendum mörkuðum

Samtök iðnaðarins hafa fylgst náið með gildandi rannsóknáætlun Evrópusambandsins sem staðið hefur frá árinu 2002 og lýkur um áramótin 2006/2007. Í því felst m.a. að Samtökin eiga fulltrúa í samstarfsneti landstengiliða við matvælaáætlun Evrópusambandsins sem miðar að því að koma á samstarfi á sviði rannsókna og þróunar milli fyrirtækja og stofnana í hinum ýmsu Evrópulöndum. Sérstök áhersla er lögð á að koma á samstarfi milli Austur-Evrópuþjóða og hinna vestrænni þjóða. Vert er að benda fyrirtækjum á að ekki er nauðsynlegt að taka þátt í hefðbundnum rannsóknaverkefnum, með allri þeirri

skrifinnsku sem því fylgir, heldur er hægt að nýta sér þetta samstarfsnet með ýmsu öðru móti til að komast í samband við fyrirtæki í öðrum löndum. Nýju Evrópusambandslöndin, t.d. Eystrasaltsríkin, eru mjög opin fyrir



samstarfi við vestrænar þjóðir og leggja mikla áherslu á að tæknivæðast sem fyrst til að verða samkeppnishæfari í alþjóðasamfélaginu og taka fagnandi við erlendum fjárfestum sem geta komið með tækniþekkingu inn í fyrirtækin. Á fundi með litháskum matvælaframleiðendum var t.d. beðið fyrir þau skilaboð að íslenskum fjárfestum með tækniþekkingu í kjötiðnaði yrði tekið opnum örmum. Sama á við um aðrar greinar. Í þessu geta leynst mörg sóknarfæri fyrir íslenska framleiðendur sem vilja stækka markaðsvæði sitt og búa sig undir aukna erlenda samkeppni.

Skipaiðnaður í Evrópu varðar nýjan veg

Í starfsramma ESB um skipaiðnað - LeaderSHIP 2015 -, sem samþykktur var árið 2003, er gert ráð fyrir að mótaðar verði kröfur innan innan ESB um öryggi skipa. Stefnt er að því að þessar kröfur verði gerðar að alþjóðareglum á vegum IMO, Alþjóða siglingastofnunarinnar. Þær munu byggjast á tilteknum gæðastöðlum að því er varðar hönnun, smíði og viðhald skipa. Ennfremur verður þess krafist að skipaiðnaðarfyrirtæki, sem ætla að smíða eða annast viðhald skipa, geti sýnt með vottun að þau standist þessar kröfur. Ef þau gera það ekki verða þau ekki talin hæf á þessu sviði þar sem útgerðum verður gert að leita til vottaðra fyrirtækja um viðhald skipa sinna til að fá viðurkennt haffæri.

Með því að móta þessa stefnu hefur ESB lokað hringnum. Öryggi skipa er betur tryggt og vottuð skipaiðnaðarfyrirtæki eiga kost á að veita bestu þjónust í krafti skilgreindra gæðakrafna.

Markvisst er stefnt að því að starfsumhverfi í skipaiðnaði, hvort heldur er nýsmíði eða viðhald, verði líkt því sem tíðkast innan flugsins þar sem aðeins viðurkennd fyrirtæki mega koma nálægt smíði eða viðhaldi. Í þessu felast ekki einasta ógnir heldur líka tækifæri fyrir íslenskan skipaiðnað ef fyrirtæki í greininni vinna að því næstu árin að standast kröfurnar. Ennfremur verða íslensk stjórnvöld að marka stefnu í þessum efnum á sama hátt og mörg ríki á EES-svæðinu hafa gert eða eru að gera.



Starfsemi meistarafélaga í byggingariðnaði

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins hafa á árinu 2005 sótt nokkra félagsfundi hjá meistarafélögum og kynnt starfsemi SI. Lögð hefur verið áhersla á kynna þá þjónustu SI sem félagsmönnum innan meistarafélaga stendur til boða. Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að eiga góð samskipti við meistarafélögin sem og aðra félagsmenn. Einnig leggja SI áherslu á að kynna félagsmönnum meistarafélaganna hvernig félagsgjöldum er ráðstafað. Ekki gera allir sér ljósa grein fyrir að hluti innheimtra gjalda fer til eigin meistarafélags, hluti til SI og loks hluti til SA. Þá hafa starfsmenn SI einnig kynnt þau verkefni sem unnið er að félagsmönnum til hagsbóta.

Tekst að girða fyrir kennitölufлак?



Samtök iðnaðarins halda uppteknum hætti og eru sem fyrr einu virku talsmenn þess að stemmd verði stigu við kennitöluflakki á Íslandi. Í rannsókn, sem tveir útskriftarnemar frá Háskólanum í Reykjavík gerðu sumarið 2005, varð niðurstaðan sú að 73% íslenskra fyrirtækja hefðu orðið fyrir skaða vegna kennitöluflakks. Vakti ekki síst athygli að þar af voru um 40% sem höfðu orðið fyrir slíku oftari en sex sinnum. Rannsóknin var gerð þannig að stjórnendur sex hundruð fyrirtækja fengu spurningalista sendan í tölvupósti og svörðu ríflega sex af hverjum tíu sem telst fremur góð svör.

Nú má spyrja hvernig á því stendur að svik á borð við kennitöluflakki viðgangast árum saman án aðgerða af hálfu hins opinbera eða viðskiptalífsins sjálfs. Hjá SI hefur verið leitað svara við þessari spurningu og reynt að finna lausnir á vandanum. Nokkur árangur hefur náðst nú þegar. Samtök iðnaðarins sömdu ákvæði til notkunar í útboðsgögn þar sem girt er fyrir að kennitöluflakki geti talist hæfur bjóðandi. Nú þegar hafa nokkrir opinberir aðilar tekið ákvæðið inn í útboðsgögn hjá sér, þ.á m. Vegagerðin og Framkvæmdasýslan. Þegar þetta er ritað reynir á ákvæðið fyrir kærunefnd útboðsmála og má ætla að í kjölfarið muni það hljóta frekari útbreiðslu og hafa veruleg áhrif, sérstaklega á byggingamarkaði.

Þá hafa SI óskað eftir því við ríkisskattstjóra og viðskiptaráðherra að skipaður verði viðbragðshópur gegn kennitöluflakki og stefnir í að hann taki til starfa í upphafi árs 2006. Ein meginástæða þess að kennitöluflakki er svo algengt og viðtekið hérlendis er hversu auðvelt er að nýskrá fyrirtæki. Fyrirtækjaskrá annast nýskráningar fyrirtækja á vegum embættis ríkisskattstjóra en hefur lögum samkvæmt nær ekkert eftirlitshlutverk. Viðbragðshópurinn mun fara í saumana á þessari framkvæmd og standa hófsamar vonir til þess að fundnar verði aðferðir sem hrífa.

Verkefnanefndir stjórnar SI

Í framhaldi af stefnumótunarvinnu stjórnar var ákveðið að stofna fjórar málefnanefndir til að skapa festu í framkvæmd áhersluverkefna og fylgja þeim eftir.

Starf nefndanna felst í að gera tillögur um útfærslu verkefna, fara yfir fram komnar tillögur stjórnar og benda á heppilega samstarfsaðila. Þá er nefndunum ætlað að fylgjast með málum sem eru ofarlega á baugi á sviðinu á hverjum tíma.

Málefnanefndunum er ætlað að verða fastur liður í starfsemi SI á næstu árum. Í hverri nefnd starfa stjórnarmenn, starfsmenn SI og fulltrúar úr ráðgjafaráði. Nefndastarfið er opið og þeir félagsmenn SI, sem hafa áhuga á viðkomandi nefndarstarfi, geta haft samband við ábyrgðarmenn nefndanna á skrifstofu SI.

Starfsskilyrði iðnaðar

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, stýrir nefnd sem einbeitt sér að verkefnum sem snúa að almennum starfsskilyrðum iðnaðar, gengis- og efnahagsmálum. Þá fjallar nefndin um fjölmörg viðfangsefni sem snúa að útboðsmálum, opinberum innkaupum og starfsskilyrðum verktaka. Meðal áhersluverkefna má telja aðgerðir sem tengjast efnahagsstjórn landsins þ.m.t. umsvifum ríkisins, draga úr kostnaði og reglubyrði við opinbert eftirlit, herferð gegn kennitölulakki og svartri starfsemi, virðisaukaskattmál UT fyrirtækja vegna þjónustu við ríki og sveitafélög, einkavæðing ríkisrekkinna tölvudeilda og reglur varðandi innflutt vinnuafli.

Markaðs- og kynningarmál

Nefnd Jóns Steindórs Valdimarssonar, aðstoðarframkvæmda-

stjóra SI, einbeitt sér að verkefnum sem snúa að því að auka áhrif SI og gera Samtökin sýnilegri í þjóðfélagsumræðunni. Meðal áhersluverkefna má telja aðgerðir til að auka slagkraft SI, finna leiðir til að ná eyrum alþingismanna og stjórnvalda, samskipti við fjölmiðla og upplýsingamiðlun. Nefndin skipuleggur m.a. stærri kynningar- og félagsfundi SI.

Nýsköpun og þróunarmál

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður starfsgreina, þjónustu og þróunar hjá SI, stýrir nefnd sem vinnur að verkefnum sem snúa að nýsköpunar- og þróunarmálum í öllum starfsgreinum, uppbyggingu hátækni iðnaðar og sprotafyrirtækja. Meðal áhersluverkefna eru úrvinnsla og eftirfylgni með tillögum í hátækniskýrslu, þ.m.t. Sprotavettvangur - átak í uppbyggingu nýsköpunar- og sprotafyrirtækja, straumlínustjórnun sem leið til að auka framleiðni og gæði, ásamt umfjöllun um auknar kröfur til fyrirtækja og gæðamál. Þá eru málefni rannsóknastofnana atvinnulífsins, Tækniþróunarsjóðs og Vísinda- og tækniráðs á borði nefndarinnar.

Menntamál

Nefndin um menntamál starfar undir forystu Inga Boga Bogasonar, fulltrúa menntamála og starfsþróunar hjá SI. Nefndin sér um verkefni sem snúa að almennum mennta- og fræðslumálum iðnaðar á öllum skólastigum. Meðal áhersluverkefna eru sameining fræðslumiðstöðva iðnaðarins, ímynd og efling iðn- og tæknimenntunar, að vinnustaðakennsla verði metin til jafns við skólakennslu, að menntun sé betur sniðin að þörfum atvinnulífsins auk aðgerða við að koma á fót Námsefnis- og tækjasjóði iðnaðarins.

Fimm þúsund gestir á Degi byggingariðnaðarins í Hafnarfirði



Almenn ánægja er með Dag byggingariðnaðarins í Hafnarfirði. Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði og Samtök

iðnaðarins stóðu sameiginlega fyrir allri framkvæmd og kynningu í tengslum við viðburðinn.

Dagurinn var haldinn hátíðlegur 10. október og hvorki fleiri né færri en 5.000 gestir tóku þátt í dagskránni í samkomusál Íþróttamiðstöðvar Hauka að Ásvöllum. Meðal annars tóku nokkrir gestir, búsettir út á landi, sig til og komu til að berja augum framkvæmdir í Hafnarfirði. Hafnarfjarðarbær kynnti m.a. skipulag og lóðaframboð á Völlum 5 og 6, Selhrauni og í Áslandi 3, auk þriggja svæða undir atvinnulóðir. Byggingaverktakar kynntu fyrirhugaðar framkvæmdir en fasteignasalar og fjármálastofnanir kynntu þjónustu sína varðandi fasteignakaup og fjármögnun þeirra.

Auk sýningarinnar á Ásvöllum höfðu byggingaverktakar í Meistarafélagi iðnaðarmanna í Hafnarfirði opið hús í völdum byggingum á sínum vegum á Vallasvæðinu. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir.

Tilboð til stjórnvalda um Þriðju stoðina

Á Iðnþingi afhentu Samtök upplýsingatæknifyrirtækja iðnaðarráðherra tilboð til stjórnvalda um að upplýsingatækni verði meginstoð í verðmætasköpun og gjaldeyristekjum Íslendinga árið 2010.

Meginmarkmið tilboðsins er að tífalda gjaldeyristekjur af upplýsingatækni á næstu sex árum, úr fjórum milljörðum í 40 milljarða. Fjölga þarf starfsfólki UT-fyrirtækja til muna eða um allt að 3.000 störf, þar af allt að 2.000 ný störf en önnur færast frá hinu opinbera til UT-fyrirtækjanna. Markmiðið er að auka sölu staðlaðra hugbúnaðarlausna sem íslensk fyrirtæki hafa þróað og munu þróa í framtíðinni og að stórauka hýsingu hér á landi á upplýsingakerfum fyrir erlenda aðila.

Forsenda þess að sett markmið náist er að íslensk stjórnvöld hrindi í framkvæmd skilgreindum verkefnum sem snúa að skattamálum, útflutningi, stefnumörkun og samstarfi.

Skapa verður fulla samstöðu greinarinnar og stjórnvalda um að leysa verkefnið sem snúa að starfsskilyrðum fyrirtækjanna. Markviss mælanlegur árangur gegnir þar lykilhlutverki. Helstu verkefni eru:

Skattamál

- Úrlausn þess vanda sem virðisaukaskattur veldur í samkeppni UT-fyrirtækja við UT-deildir fyrirtækja og stofnana.
- Gjaldfærsla rannsókn- og þróunarkostnaðar og skattaafsláttur vegna R&B og markaðskostnaðar erlendis.

Aðgerðir í útflutningi

- Forgangsröðun upplýsingatækni hjá stuðningsumhverfi.
- Þróunarstyrkir nýttir fyrir upplýsingatækni.
- Mæður á móti manni við erlenda markaðssetningu.
- Lækkun fjarskiptakostnaðar til og frá Íslandi.

Samstarf um þróun og fjárfestingu erlendra aðila

- Þróunarsetur háskóla, stjórnvalda og UT fyrirtækja í upplýsingatækni.

Stefnumörkun og uppbygging innan ríkisins

- Allar opinberar tölvudeildir verði einkavæddar með því að starfsemin verði boðin út eða samið beint við einkafyrirtæki á markaðnum.
- Notkun upplýsingatækni við lausn verkefna hjá opinberum aðilum verði sett í forgang.
- Afnám ásælni ríkisins í höfundarrétt og áttak í einkaleyfamálum upplýsingatækni.



Helstu fjárhæðir tilboðsins:

- Áætlað er að velta upplýsingatækniiðnaðar verði um 74 milljarðar árið 2010 og heildarhagnaður á líftíma verkefnisins verði um 36 milljarðar króna.
- Heildarfjárfesting upplýsingatæknigreinarinnar er áætluð um 16 milljarðar kr. meðan verkefnið varir.
- Skammtímaávinningur Þriðju stoðarinnar fyrir ríkið er áætlaður um þrjú milljarðar króna. Langtímaávinningur er áætlaður mun meiri.
- Nettó skatttekjur ríkisins eru áætlaðar um 5 milljarðar króna og fjárfesting vegna verkefna um tveir milljarðar króna.

Fagna Bolar-ákvæði

Það var vonum seinna að íslensk stjórnvöld tóku loks á sig rögg og tóku upp svokallað Bolar-ákvæði í íslenska einkaleyfalöggjöf en það hefur verið meðal helstu baráttumála samheitalyfjaframleiðenda hér á landi. Þeirri baráttu lauk 8. mars 2005 með lögum frá Alþingi.

Lagabreytingin felur í sér að tekin eru af tvímæli um heimildir framleiðanda samheitalyfs til að gera hér á landi allar rannsóknir og prófanir sem nauðsynlegar eru í því skyni að sækja um markaðsleyfi. Réttarstaðan verður mun skýrari en verið hefur og er það mikill áfangi fyrir íslenska samheitalyfjaframleiðendur. Þeir, ásamt Samtökum iðnaðarins, hafa á annan áratug barist fyrir því að heimild til þess að vinna að öflun markaðsleyfis á einkaleyfistíma verði afdráttarlausari að íslenskum rétti en nú er, t.d með því að taka upp ákvæði í líkingu við Bolar til þess að allur vafi í þessum efnum sé úr sögunni.

Lögin eru sett í kjölfar þess að Evrópusambandið setti nýlega reglur um Bolar og þær verða síðar að EES-rétti og þar með er Íslendingum skylt að leiða sambærilegar reglur í sinn landsrétt.

Ekki þarf að orðlengja hve mjög íslenskur samheitalyfja-iðnaður hefur vaxið og dafnað og orðið mikilvægur þáttur í íslenskum iðnaði, ekki síst útflutnings- og útrásariðnaði. Brýnt er að búa þessum iðnaði eins góð starfsskilyrði og mögulegt er.

Krónan í kröggum

Markmið ríkisstjórnar Íslands í efnahagsmálum er að halda jafnvægi og stöðugleika í efnahagslífinu. Í stefnuýfirlýsingu stjórnarinnar er hins vegar ekkert fjallað um í hverju sá stöðugleiki er fólgin eða hvernig hún hyggst ná honum. Baráttunni við verðbólgu var úthýst til Seðlabankans árið 2001 og því þurfa stjórnvöld aðeins að ná jafnvægi í eigin rekstri til að ná markmiði sínu. Það hefur reynst auðvelt enda hafa tekjurnar aldrei verið meiri en nú. Fyrir vikið stendur Seðlabankinn einn í baráttunni við að halda stöðugleika og hefur engin önnur úrræði en að hækka vexti. Afleiðingin er mikil styrking á gengi krónunnar sem þýðir að útflutnings- og samkeppnisfyrirtækin bera hita og þunga af aðhaldi í peningamálum. Eina rás miðlunarferils peningastefnunnar sem kemur að haldi er gengisleiðin.

Horft til framtíðar

Hagfræðistofnun hefur gefið út skýrsluna: Fyrirkomulag gengismála á Íslandi. Horft til framtíðar. Þetta er vönduð og ýtarleg skýrsla þar sem meginniðurstaðan er sú að núverandi fyrirkomulag, þ.e. fljótandi gengi, sé heppilegast. Aðrir kostir en upptaka evru og innganga í Evrópusambandið teljast ekki fýsilegir að mati höfunda. Í þessu ljósi er athyglisvert að skoða árangur núverandi stefnu. Skoðum fyrstu 59 mánuðina frá því að gengi krónunnar var sett á flot og verðbólgu markmið tekið upp. Á þeim tíma hefur verðbólga aðeins verið á eða undir verðbólgu markmiði í 17 mánuði eða 28% af tíman-

um. Eina stjórn tæki Seðlabankans eru stýrivextir sem augljóslega duga ekki sem skyldi. Mynd 1 lýsir þessu vel.

Hæri vöxtum er ætlað að draga úr þenslu, minnka einkaneyslu og hvetja til sparnaðar. Til marks um getuleysi peningastefnunnar hafa innlend útlán bankakerfisins til heimila vaxið úr 192 milljörðum í 541 frá því að Seðlabankinn byrjaði að hækka vexti í júlí 2004 en þar á móti hafa eignir vaxið mikið. Vandinn er sá að mjög stór hluti einkaneyslunnar er innfluttur. Vaxtahækkarnir styrkja gengið og einkaneyslan verður ódýrari fyrir vikið. Þess utan er mjög stór hluti af lánum til einstaklinga á föstum vöxtum sem eru óháðir stýrivöxtum. Þetta veikir peningastefnuna.

Alvarlegar aukaverkanir

Peningastefnan hefur haft óþægilegar aukaverkanir sem felast í því að útflutnings- og samkeppnisfyrirtæki búa við miklar gengissveiflur og óstöðug starfsskilyrði. Frá því að Seðlabankinn hóf að hækka vexti í júlí 2004 hefur gengi krónunnar styrkst um 15%. Tvö ár þar á undan styrktist krónan um 13%. Þetta helgast af því að fjármagn leitar þangað sem vextir eru hæstir og fjárfestar nýta sér vaxta muninn til hins ýtrasta. Sú þróun kemur ekki á óvart. Sjá mynd 2.

Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verð til framleiðenda iðnvara hefur lækkað um 2,5% milli árána 2004 og 2005, mælt með vísitölu framleiðsluverðs. Á sama tíma hafa laun í þessum fyrirtækjum hækkað um 6,7% og almennt verðlag um 4%.

Innistæðulausar launahækkarnir

Framleiðni vinnuafis hefur að jafnaði vaxið um 2-3% síðustu ár. Til að halda verðbólgu nálægt verðbólgu markmiði mega laun í landinu ekki hækka meira en 4-5% á ári. Laun hafa hins vegar hækkað um 6-7% undanfarin ár og afleiðingin er verðbólga sem er 2-3% yfir verðbólgu markmiðinu. Ástæða þess að laun hækka umfram það sem eðlilegt getur talist er að laun eru greidd í íslenskum krónum sem rýrna um 4-5% að verðgildi á ári.

Stöðugleikinn endurskilgreindur

Eina formlega markmið efnahagsstefnunnar er stöðugt verðlag. Til þess að ná því hefur Seðlabankinn frelsi til að ákvarða stýrivexti. Að öðru leyti virðist ríkja stefnuleysi í efnahagsmálum ef marka má það ástand sem nú ríkir. Vinnu- markaðurinn er yfirspennur, viðskiptahalli í hámarki og gengi krónunnar er langt frá jafnvægi. Ef stöðugleiki er markmið efnahagsstefnunnar þarf að setja markmið á fleiri sviðum en verðbólgu. Í huga þeirra, sem reka fyrirtæki, ríkir einungis stöðugleiki ef friður er á vinnu- markaði, verðbólga hófleg og gengið stöðugt. Að mati Samtaka iðnaðarins er upptaka evru og innganga í Evrópusambandið eina leiðin sem dugar til að koma hér á raunverulegum stöðugleika.


Mynd 1.

Samband verðbólgu og stýrivaxta 1999-2005



Mynd 2.

Samband stýrivaxta og gengis krónunnar 2004-2005



Nýr kraftur í nýsköpun

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja samtals allt að 2,5 milljörðum króna til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins var bæði skynsamleg og nauðsynleg. Ákveðið var að fara þá leið að sjóðurinn fengi féð með tvennum hætti. Annars vegar rann einn milljarður beint til sjóðsins í árslok 2005. Það sem eftir stendur eru 1,5 milljarðar sem koma til útborgunar í þrennu lagi árin 2007, 2008 og 2009. Þær greiðslur eru hins vegar háður því skilyrði að Nýsköpunarsjóði takist að fá aðra fjárfesta í lið með sér og stofna til samlagssjóðs þar sem aðrir leggja að minnsta kosti jafnmikið í pottinn. Gangi þetta eftir ætti að vera tryggt að á næstu árum renni a.m.k. fjórir milljarðar til fjárfestinga í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum á Íslandi. Hafa þá orðið veruleg umskipti til hins betra á þessum markaði.

Sjálfstæður og öflugur

Til þess að tryggja að allt þetta gangi sem best eftir þarf að vera ótvírætt að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sé sjálfstæður og öflugur fagfjárfestir. Nýlegar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar styrkja stöðu hans verulega en stíga þarf skrefið til fulls með nauðsynlegum lagabreytingum þannig að hann geti beitt sér af fullum styrk við að laða fagfjárfesta á borð við lífeyrissjóði og banka til samstarfs. Breyta þarf lögum um NSA sem tryggja betur stöðugleika í starfsemi hans. Rétt er að kanna breytingar á rekstrarformi sjóðsins sem tryggi sveigjanleika og sjálfstæði enn frekar, t.d með því að gera hann að sjálfseignarstofnun.

Mæta verður markaðsbresti

Mikilvægt er að endurskipulagning atvinnuþróunarkerfis, sem á rætur að rekja til fjárhagsvanda Byggðastofnunar, leiði ekki til þess að mikilvægu hlutverki Nýsköpunarsjóðs verði raskað. Sjóðurinn er fyrir margra hluta sakir sérstakur og ólíkur öðrum aðilum sem falla undir atvinnuþróunar- eða stoðkerfi atvinnulífsins. Sú sérstaða felst í tilurð hans og fjármögnun í upphafi. Hann varð til með sátt stjórnvalda og atvinnulífs og hluti af þeirri sátt var að hann yrði undir meirihlutastjórn atvinnulífsins. Í sjóðnum hafa því mest sjónarmið stjórnvalda og atvinnulífs um nauðsyn þess að mæta sameiginlega þeim markaðsbresti sem er á frumstigi áhættufjárfestinga.

Reglurnar verða að vera í lagi

NSA hefur einnig það hlutverk að vera segull og miðill fyrir fjármagn til nýsköpunar- og sprotafjárfestinga frá öðrum fagfjárfestum, hvort sem það eru bankar, lífeyrissjóðir, fyrirtæki eða einstaklingar. Af þessu leiðir að það skiptir sköpum að þessir fjárfestar hafi fulla trú á að NSA geri eðlilegar

arðsemiskröfur og ekki leiki minnsti vafi á að önnur sjónarmið eða hagsmunir ráði ferðinni. Nauðsynlegt er að skapa hagstæð skilyrði fyrir framtaksfjárfesta til þess að taka þátt í fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Laga- og skattareglum vegna slíkrar starfsemi er verulega áfátt og eru þrándur í Götu þróunar á þessu sviði. Setja þarf reglur um samlagshlutafélög sem gera fjárfestum kleift að stofna félög um nýsköpunar- og sprotafjárfestingar og koma m.a. í veg fyrir tvísköttun. Óviðunandi er að starfsemi af þessu tagi sé hrakin úr landi og slík félög neydd til að hafa starfstöðvar í útlöndum eins og nú tíðkast. Afar mikilvægt er að breyta lögum til þess að lífeyrissjóðir, bankar og aðrir fagfjárfestar geti tekið þátt í félögum af þessu tagi.

CCP fær Nýsköpunarverðlaun



Fyrirtækið CCP hlaut Nýsköpunarverðlaun Rannís og Útflutningsráðs árið 2005. Tilgangur verðlaunanna er að vekja athygli á þeim mikilvægu tengslum sem eru milli aukinnar verðmætasköpunar í atvinnulífinu og rannsókna og þekkingaröflunar.

CCP hefur náð frábærum árangri með fjölþáttökuleikinn EVE-Online sem fer fram á Netinu. Viðskiptahugmyndin felst í að selja aðgang að leiknum og innheimta eftir það mánaðarlegt áskriftargjald sem er nýtt til að viðhalda og þróa áfram þennan leikjaheim. Áskrifendur að leiknum eru alls staðar að úr heiminum og eru nú um eitt hundrað þúsund.

CCP var stofnað árið 1997. Það tók 30 starfsmenn fyrirtækisins um þrjú ár að þróa leikinn og koma honum á markað en það telst skammur tími í leikjageiranum. Kostnaður við að þróa EVE-Online nam um 750 milljónum króna.

Útflutningstekjur CCP árið 2005 námu um 800 milljónum króna og spáð er að þær verði um 1500 milljónir árið 2006.

Virðisauki fyrirtækis eins og CCP er mjög mikill þar sem helstu aðföngin eru hugvit starfsmanna. Starfsmenn CCP eru nú um 60 talsins en að auki vinna um 20 manns í sérstöku þjónustuveri.

Vaxandi spurn eftir vinnuafli í iðnaði



Mikil eftirspurn er eftir vinnuafli ein-kennir íslenskan iðnað um þessar mundir. Atvinnuleysi er afar lítið og atvinnuþátttaka í hámarki og því erfitt um vik að ráða í laus störf. Mikil útgáfa á tímabundnum atvinnuleyfum til útlendinga hefur slegið nokkuð á þensluna og komið í veg fyrir meira launaskrið en orðið er. Horfur eru á að þessi spenna vari út árið 2006 en nokkuð muni draga úr henni þegar líða tekur á árið 2007.

Stóriðjuframkvæmdir ná hámarki

Um 3.200 manns störfuðu við byggingu

virkjana og stóriðju í árslok 2005, þar af 900 Íslendingar. Samkvæmt upplýsingum frá verk tökum, sem vinna að þeim stóriðju- og virkjanaframkvæmdum, mun eftirspurn eftir iðnaðar- og verkamönnum enn fara vaxandi á næstu mánuðum. Gert er ráð fyrir að eftirspurnin nái hámarki um mitt ár 2006 en minnki ört árið 2007. Mest er eftirspurnin eftir faglærðum iðnaðarmönnum og líklega þarf að fjölga þeim um 3-400 um mitt ár 2006. Að auki er mikil almenn eftirspurn eftir iðnaðarmönnum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu.

Lítið framboð af fólki

Árið 2005 mældist atvinnuleysi aðeins um 2,1% og líkur benda til þess að það verði enn minna 2006 eða nálægt 1,8%. Framboð á innlendu vinnuafli er því mjög lítið. Atvinnuleysi meðal þeirra, sem starfa í iðnaði, er afar lítið. Þannig voru aðeins 150 þeirra, sem starfað höfðu við mannvirkjagerð í árslok 2005, atvinnulausir. Það eru fyrst og fremst árstíðabundnar sveiflur í byggingariðnaði sem skýra þetta. Atvinnuþátttaka vex jafnan nokkuð þegar uppsveifla er í landinu. Oft dregur úr sókn í nám, ekki síst í iðnnán, þar sem fleira ungt fólk kys frekar að vinna en stunda nám. Þetta snýst svo við þegar eftirspurn eftir vinnuafli minnkar.

Eftirspurn þrýstir upp launum

Þrátt fyrir mikla spurn eftir fólki hafa laun í iðnaði ekki hækkað mikið umfram laun annarra stétta. Í desember sl. hafði launavísitala hagstofunnar hækkað um 7,2% sl. 12 mánuði. Milli árána 2004 og 2005 hækkuðu laun um 6,3%. Samkvæmt tölum Hagstofunnar má gera ráð fyrir að laun í iðnaði hafi hækkað um 6,7-7,7% milli árána 2004 og 2005 en misjafnt eftir greinum. Líklega hefði hækkingin orðið mun meiri ef ekki hefði komið til mikill innflutningur erlends vinnuafis.

Fjöldi útlendinga við störf

Árið 2005 ári gaf Vinnuárástofnun út um 4.000 ný atvinnuleyfi fyrir útlendinga, þar af um 1.600 til þeirra verkataka sem vinna við stóriðjuframkvæmdir. Um 700 manns hafa fengið leyfi í matvælaíðnaði, 500 í fiskiðnaði, 500 í þjónustu og afgangurinn í margvíslegan blandaðan iðnað. Undanfarin sex ár hafa verið gefin út 500-1.500 ný leyfi á ári og því um mikinn vöxt að ræða. Þessi mikla þörf fyrir erlent vinnuafli mun, að öllu óbreyttu, haldast úr árið 2007 þótt eitthvað fari að draga úr henni undir árslok 2006.

Margir í fæðingaorlofi

Þótt nýleg lög um fæðingaorlof hafi reynst foreldrum vel leiðir könnun, sem SI gerðu meðal félagsmanna, í ljós að fæðingaorlof starfsmanna er mörgum fyrirtækjum býsna erfitt. Þetta á sérstaklega við um lítil fyrirtæki í iðnaði þar sem sveigjanleiki er minni en í stórum fyrirtækjum. Fyrirtæki, sem reiða sig á mjög sérhæft fólk, eiga líka undir högg að sækja í þessu efni. Sökum lítills framboðs á vinnuafli reynist mörgum erfitt að fá hæft fólk til afleysinga. Til marks um umfang þessa vanda má nefna að undanfarin ár hafa ríflega 4.000 börn fæðst árlega. Nánast allir foreldrar taka fullt fæðingaorlof. Þetta jafngildir því að um 2.600 manns hafi að jafnaði verið frá vinnu allt sl. ár og að 1,6% af vinnuaflinu hafi verið í fæðingaorlofi.

Framtíðin óviss

Verði ekki ráðist í frekari stóriðjuframkvæmdir en þær, sem þegar hafa verið ákveðnar, eru horfur á að verulega taki að hægja á efnahagslífinu á næsta ári. Ef ráðist verður í frekari framkvæmdir mun núverandi ástand haldast með áframhaldandi spennu í hagkerfinu.

Gerjun í líftækninni

Samstarf hefur verið milli Samtaka iðnaðarins, Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja og AVS - rannsóknarsjóðs í sjávarútvegi á sviði líftækni. SI hafa séð um verkefnisstjórn fyrir líftæknihóp AVS. Fyrirhugað er samstarfsverkefni um að skoða stöðu íslenskra líftæknifyrirtækja, bæði innra starf og ytra umhverfi og bera það saman við klasa og svæði þar sem líftæknifyrirtæki hafa náð forskoti. Markmiðið er að leggja fram tillögur að aðgerðum sem stuðla að betri rekstri fyrirtækjanna og bættu starfsumhverfi. Niðurstaðna er að vænta um mitt ár 2006.

Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja, SÍL, hafa á árinu komið að nokkrum fundum og ráðstefnum. Þar má nefna námstefnuna Novelties in bioproduction and downstream processing í Norræna húsinu dagana 29. september til 1. október. Skipuleggjendur voru NbiNet og The Swedish Institute for Food and Biotechnology (Sik).

SÍL tóku einnig þátt í ráðstefnunni Iceland-Sweden Life Sciences Forum - Focus on Business. Tilgangur ráðstefnunnar var að leiða saman helstu frumkvöðla, fyrirtæki, stofnanir og fjárfesta á sviði líftækninnar í Svíþjóð og Íslandi til þess m.a. að kanna möguleika á samvinnu á þessu mikilvæga sviði.

Að síðustu má nefna ráðstefnuna Viðskiptabré milli landa í samvinnu við breska sendiráðið, UK Trade & Investment og fleiri. Þar var fjallað um möguleika á samstarfi breskra og íslenskra fyrirtækja.

Ný klásúla í útboðsgögnum Vegagerðar



Nýjar kröfur eru nú gerðar til bjóðenda í verkefni Vegagerðarinnar. Til að koma til álita sem verktaki þarf bjóðandi að hafa áður unnið a.m.k. eitt sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila á síðastliðnum fimm árum. Með sambærilegu verki er átt við verkefni svipaðs eðlis og að fjárhæð verksamnings hafi að lágmarki verið 50% af tilboði í viðkomandi verk. Einnig er þess krafist að ársvelta fyrirtækis bjóðanda hafi að lágmarki verið sem nemur 50% af tilboði bjóðanda í sama verk síðastliðin þrjú ár. SI hafa lengi verið áfram um að gera auknar kröfur til bjóðenda í stærri verk. Þessi nýja regla Vegagerðarinnar fellur því vel að hugmyndum SI.

Iðnaðarmálagjald fyrir Hæstarétti



Tveir hæstaréttadómar hafa verið kveðnir upp á undanförunum árum er varða lögmæti iðnaðarmálagjalds sem er innheimt af iðnaði í landinu og rennur til Samtaka iðnaðarins í samræmi við lög um iðnaðarmálagjald.

Fyrri dómurinn féll 17. desember 1998 og hinn síðari 20. desember 2005. Málalíbúnaður var í báðum til nánast sá sami. Ríkinu er stefnt og þess krafist að álagning gjaldsins sé ólögmæt þar sem hún feli í raun í sér ólögmæta þvingun til aðildar að Samtökum iðnaðarins. Í báðum tilvikum eru málaferlin runnin undan rifjum Meistarafélags húsasmíða í Reykjavík, sem á sínum tíma kusu að standa utan Samtaka iðnaðarins, þegar þau urðu til en hafa á síðari stigum kannað möguleika á aðild en vilja ekki sitja við sama borð og aðrir félagsmenn þegar kemur að greiðslu félagsgjalda.

Hæstiréttur Íslands dæmdi álagningu og ráðstöfun iðnaðarmálagjalds réttmæta í báðum tilvikum.

Íþrótt- og sýningahöllin í Laugardal

Ný íþrótt- og sýningahöll í Laugardal var formlega tekin í notkun 29. nóvember. Nýja húsið með tengibyggingu og anddyri er samtals um 9.800 fermetra viðbygging austan við Laugardalshöllina sem allir þekkja. Í tengslum við byggingaframkvæmdirnar hafa verið gerðar umtalsverðar endurbætur á gömlu höllinni og breytingar á viðbyggingunni sem byggð var á árunum 1994-1995 í tengslum við heimsmeistaramotoið í handknattleik.



Nýi salurinn er um 5.000 fermetrar en samtals eru byggingarnar rúmir 16.000 fermetrar og þar er góð aðstaða fyrir íþróttakeppni og æfingar, sýningahald hvers konar, ráðstefnur, tónleika og árshátíðir. Bygging nýja hússins er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins og félagið sem mun reka bæði þetta nýja hús og Laugardalshöllina er í sameign Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins.

Samstarf iðnaðarins og Reykjavíkurborgar á þessu sviði á sér langa for sögu því að samtök í iðnaði og mörg iðnfyrirtæki stofnuðu og áttu félagið Sýningarsamtök atvinnuveganna hf. en það félag stóð, í samvinnu við Reykjavíkurborg og íþróttahreyfinguna, að byggingu Laugardalshallarinnar á sínum tíma. Um þessar mundir eru liðin 40 ár síðan Laugardalshöllin var formlega tekin í notkun en það var 4. desember 1965.

Sýningarsamtök atvinnuveganna seldu fljótlega Reykjavíkurborg hlut sinn í Laugardalshöllinni en fengu fyrirheit um lóð undir sýningarhúsnæði á þeim stað sem nýja húsið nú stendur. Sýningahöll á þessum stað er því ekki ný hugmynd. Félagið Sýningarsamtök atvinnuveganna hf. var lagt niður og eignum þess skipt fyrir nokkrum árum

en samvinnan við Reykjavíkurborg var endurvakin með samkomulagi milli borgarinnar og Samtaka iðnaðarins árið 2000.

Í hluthafasamningi milli Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins, sem gerður var í júní 2003, segir m.a.: „Reykjavíkurborg mun hafa forgang að nýtingu Laugardalshallar vegna æfinga- og keppni í íþróttum, en Íþrótt- og sýningahöllin hf. mun leigja út allt það rými sem mögulegt er til annarra notenda, hvort heldur er til sýningahalds, íþróttastarfsemi eða mannfagnaðar. Íþrótt- og sýningahöllin hf. mun vinna markvisst að því að skipuleggja sýningahald í Laugardalshöll og taka upp samstarf við aðra aðila um að standa fyrir sýningahaldi, fundum og ráðstefnum.“

Samstarf Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins hefur verið gott. Ekki er vandalaust verkefni að koma fyrir stóru húsi sem helst á í senn að vera glæsilegt og ósýnlegt við hlíðina á gömlu Laugardalshöllinni sem er eitt af kennileitum borgarinnar. Framkvæmdir við nýbygginguna hófust í júlí 2003. Aðalverktaki var Eykt ehf. byggingaverktakar. Hönnun var í höndum T.ark teiknistofunnar ehf. og VST verkfræðistofu hf.

Námsefnissjóður iðnaðarins

Mikil gerjun á sér stað í iðn- og starfsmenntun og margt jákvætt á seyði. Í mörgum iðngreinum er kennsla hafin eftir nýjum námskrám. Iðnnemum fjölgar en þrátt fyrir það kallar atvinnulífið eftir töluvert fleiri iðnmenntuðum en skólarnir útskrifa. Iðnmenntaskólarnir eru að jafnaði reiðubúnir til að taka við fleiri iðnnemum því að kennslurými og kennslutæki má nýta betur.

Þó að aðstæður til iðnnáms séu að mörgu leyti hagfelldar skortir hins vegar viðeigandi námsefni í mörgum

iðn- og starfsgreinum. Samtök iðnaðarins hafa styrkt útgáfu á kennsluefni fyrir ýmsar iðngreinar, s.s. gullsmíði, pípulagnir og prentiðirnir. Stjórn SI telur tímabært að móta reglur um styrkveitingar SI til námsefnisgerðar.

Menntanefnd Samtaka iðnaðarins vann tillögur að því hvernig styðja mætti við gerð námsefnis sem skiptir iðnaðinn máli. Nefndin vann drög að reglum um árlegan styrk SI til málsefnisins. Voru þær lagðar fyrir stjórn SI sem samþykkti þær í nóvember.

Gert er ráð fyrir að fyrstu styrkir

verði veittir fyrir hluta ársins 2006.

Samtök iðnaðarins gera ráð fyrir að verja á næstu árum myndarlegri fjárhæð til að styrkja námsefnisgerð í kennslugreinum sem skipta iðnaðinn máli. Meginreglan verður sú að styrkur SI má ekki nema meira en helmingi kostnaðar við það verkefni sem styrkt er hverju sinni.

Ekki eru sett ströng skilyrði um form eða eðli þess námsefnis sem styrkt verður önnur en að efnið þyki eftirsóknarvert til kennslu og tryggt sé að það verði nýtt.

Engin samkeppni á raforkumarkaði

Mörg iðnfyrirtæki urðu fyrir verulegri hækkun á raforkuverði í kjölfar markaðsvæðingar raforkusölu um síðustu áramót. Hækkunin kom öllum að óvörum enda skellt á iðnfyrirtækin af fullum þunga án nokkurrar aðlögunar. Þrátt fyrir fögur fyrirheit ætlar það að taka orkufyrirtækin langan tíma að laga taxa sína og þjónustu að nýju kerfi og koma með nýjar lausnir í stað þeirra sem fyrir voru.

Orkufyrirtækin endurskoðuðu taxa sína í kjölfar breytinganna og hefur það í flestum tilvikum leitt til verulegar verðhækkunar. Orkufyrirtækin voru nokkuð samstiga í þessu. Hækkun á raforkuverði kom einkum niður á þeim fyrirtækjum sem höfðu verið með samninga um aðra taxa en hinn almenna, þ.e. rofið rafmagn, ótryggða raforku og tímaháða taxa. Taxtarnir ýmist hækkuðu um tugi prósentu eða voru felldir niður. SI leituðu skýringa á þessu og sendu m.a. formleg erindi til Orkustofnunar. Í svari við erindi, sem sneri að verði á ótryggðri raforku, kemur fram að sýnt sé fram á verulega hækkun á ótryggðri raforku milli árana 2004 - 2005.

Ekkert að

Stofnunin finnur ekki skýringar á þessu en hún sér heldur ekkert athugavert við verðlagninguna þótt hækkun á flutningshluta orkuverðsins sé veruleg. Orkustofnun virðist telja að verð á ótryggðri raforku hafi verið óeðlilega lágt fyrir breytingu. Hvort sem það er rétt eða ekki er ljóst að starfsskilyrði margra fyrirtækja versnuðu án nokkurs fyrirvara og án þess að nokkurt orkufyrirtækjanna sæi ástæðu til þess að milda þessi umskipti með aðlögun eða bjóða fram aðra kosti.

Samtök iðnaðarins vöktu athygli á því að losa þyrfti um verðlagningu þannig að samkeppni kæmist á skrið. Núverandi gjaldskrár eru bundnar að miklu leyti og lítill sveigjanleiki er til að lækka verð til stórra viðskiptavina. Verðlagningin er fjórskipt; orka, flutningur, dreifing og sala. Flutningur og dreifing

eru ekki í samkeppni og raunin er sú að lítil sem engin samkeppni er heldur í orkusölu. Landsvirkjun er eini aðilinn sem selur orku í heildsölu og stýrir því verðlagningu. Söluþátturinn er því einn í samkeppni en þar er ekki eftir miklu að slæggjast og svigrúm til verðsamkeppni lítil.

Eignarhald

Athygli vekur að eignarhald í orkugeiranum er á fárra höndum og sömu aðilar eiga að stórum hluta orkuframleiðslu, flutningsnet, dreifikerfi og sölu-fyrirtæki. Vandséð er hvernig samkeppni geti þrífist þegar eignarhaldið er sameiginlegt út allt framleiðsluferlið og allir eru háðir sama aðila hvað varðar kaup á rafmagni í heildsölu.

Hátt orkuverð

Samanburður á orkuverði í nokkrum Evrópulöndum sýnir að orkuverð hér á landi er hátt, einkum fyrir stóra notendur. Erlend stóriðjufyrirtæki sækjast eftir því að koma hingað til lands þar sem raforka er talin fást á hagstæðu verði en á sama tíma búa íslensk iðnfyrirtæki, sem nota mikla raforku, við herra orkuverð en tíðkast í flestum nágrennalöndum okkar. Það skýtur skökku við að markaðsvæðing raforku-kerfisins skuli koma verst við þá sem nota mest rafmagn. Búast hefði mátt við að stórir notendur nytu góðs af markaðsvæðingu og nytu stærðar sinnar í samkeppni enda er það forsenda þess að orkufrekur iðnaður sjái sér hag í að reka starfsemi sína hér á landi.



Mikilvægi hátækniðnaðar

Á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins árið 2005 var lögð fram skýrsla Samtakanna og iðnaðarráðuneytis um þróun og stöðu hátækniðnaðar á Íslandi og samanburð við Norðurlönd og Írland. Í tengslum við skýrsluna var einnig unnin samantekt á framtíðarsýn og stefnumótunarvinnu hátæknihópa innan SI og sett fram spá um vöxt hátækniðnaðar til ársins 2010.


Mikill vöxtur hátækniðnaðar

Samkvæmt skýrslunni teljast þær atvinnugreinar, sem leggja meira en 4% af veltu til rannsókna og þróunar, til hátækni greina. Þessi viðmið eru í samræmi við skilgreiningar OECD varðandi framleiðsluðnað og Eurostat fyrir þjónustu- iðnað.

Fjöldi starfa í hátækniðnaði 1990 - 2004



Verðmætasköpun hátækniðnaðar árin 1990 - 2004



Velta hátækniðnaðar árin 1990 - 2004



Hér á landi nást þessi viðmið helst í greinum á sviði framleiðslu lyfja- og lækningatækja og sérhæfðs vélbúnaður fyrir matvælaíðnað, í hugbúnaðargerð og rannsókn- og þróunarstarfsemi í raunvísindum.

Hátækni greinar hér á landi lögðu um 9 milljarða króna til rannsókna- og þróunar árið 2003. Árið 2004 komu um 4% verðmætasköpunar og yfir 7% gjaldeyristekna frá hátækni- iðnaði. Innlend velta og útflutningur hátækni greina námu rúmlega 77 milljörðum króna árið 2004. Um 6.400 manns störfuðu í þessum atvinnugreinum, þar af um 34% konur. Rúmlega 35% vinnuafslins voru með háskólamenntun þar af um 100 með doktorsgráðu. Mikill vöxtur á öllum sviðum hefur einkennt hátækniðnaðinn undanfarin ár.

Áhersla á hátækniðnað í nágrannalöndum

Norðurlönd og Írland hafa umbreytt frá því að vera auðlindadrifin í að vera þekkingardrifin. Uppbygging nýrra atvinnugreina hefur tengst miklum framförum í vísindum og tækni og hefur haft þar meiri áhrif en nálægð við náttúruauðlindir. Stjórnvöld í þessum löndum hafa gripið til margvíslegra aðgerða til að örva nýsköpun og tækniþróun á sviði hátækni. Helstu aðgerðir hafa verið:


- Skýr stefna um uppbyggingu hátækniðnaðar. Stefna Finna og Svía er að verða áfram leiðandi í hátækni. Danir hafa mótað vaxtarstefnu byggða á mannauði og stefna að því að verða ein af helstu hátækniþjóðum í heimi eftir 10-20 ár. Norðmenn hyggjast byggja upp hátækniðnað sem getur tekið við af olíuðnaði.
- Þjóðirnar leggja áherslu á menntun á tæknisviðum og rannsóknarnámi til meistara- og doktorsgráðu á sviði vísinda- og tækni til að stuðla að frekari þróun.
- Áhersla er lögð á að styrkja samkeppnisjóði og hreyfanlegt fjármagn sem getur tekið þátt í uppbyggingu nýrra vaxtargreina.
- Þjóðirnar leggja áherslu á að byggja upp vísinda- og tæknigarða sem tengiliða milli fyrirtækja og háskóla
- Þjóðirnar hafa flestar byggt upp öfluga áhættufjármagnunarsjóði til að styðja uppbyggingu nýrra hátækni fyrirtækja.
- Lögð er áhersla á ýmsar stuðningsaðgerðir svo sem skattaávilnun til fyrirtækja sem leggja stund á rannsóknir og þróun.

Hér á landi eru margir þessara þátta á byrjunarreit þó að miklar breytingar hafi átt sér stað á allra síðustu árum. Hátækniðnaður á Íslandi er ung atvinnugrein og getur orðið undirstaða hagvaxtar og bættra lífskjara en til þess þurfa að liggja fyrir skýr framtíðarsýn og aðgerðaráætlun.

Spá um framtíðarvöxt - umbreyting atvinnulífs

Samhliða gerð skýrslunnar um hátækniðnað var unnin

Þróun gjaldeyrstekna 1944 - 2004



samantekt úr framtíðarsýn og stefnumótun hátækniþópa innan Samtaka iðnaðarins. Brugðið var upp tölum um þróun og framtíðarmynd fyrir atvinnulífið sem gætu orðið að veruleika ef framtíðarsýn hátækni greina og þær forsendur, sem liggja henni til grundvallar, ganga eftir.


Samkvæmt spánni er gert ráð fyrir að gjaldeyrstekjur hátækniðnaðar vaxi úr 25 milljörðum króna í 75 milljarða króna árið 2010. Við það mun vægi hátækniðnaðar vaxa úr 7% í um 14% af heildargjaldeyrstekjum.

Atvinnubyltingin, sem hefst upp úr árinu 1992, þegar hátækniðnaður og útflutningur hans ryður sér til rúms, heldur áfram til ársins 2010. Rétt er að taka fram að myndin sýnir hlutfallslega skiptingu en ekki tölugildi gjaldeyrstekna. Til dæmis hefur útflutningur á sjávarafurðum vaxið jafnt og þétt þó að hann vegi hlutfallslega minna en áður.

Byggingavörur á markaði

Byggingavörum, sem þarf að CE - merkja, fjölga sífellt. CE - merking byggingavöru á að tryggja að hún sé lögleg á markaði. Brýnt er að íslenskir framleiðendur séu á varðbergi og fylgist vel með hvort og hvenær búast megi við samhæfðum

Evrópustaðli sem kveður á um lágmarkskröfur til framleiðslunnar. Þegar hann er kominn fram verður ekki undan því vikist að hafa vörur í samræmi við þær kröfur sem þar eru gerðar. Undanfarið ár hafa Samtök iðnaðarins kynnt sér hvað þar er á ferðinni og í bígerð er að opna sérstakan vef sem auðveldar félagsmönnum að hefja CE - merkingaferlið. Með því móti vilja SI aðstoða félagsmenn sína við að tileinka sér vinnubrögð til að mæta nýjum kröfum.



Menntadagur iðnaðarins

Samtök iðnaðarins héldu Menntadag iðnaðarins í þriðja sinn í janúar. Að þessu sinni var viðfangsefnið tengsl mannaauðs, þekkingar og menntunar. Í ávarpi sínu nefndi Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, hve mikilvægt væri að breyta viðhorfum til starfsmenntunar.

Aðalerindi málþingsins hélt Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Tölvumiðlunar. Í erindi sínu sagði Eggert að breytt viðskiptaumhverfi og harðari samkeppni hefði kallað eftir þörf fyrirtækja til þess að endurmeta þá þætti sem skera úr um hvort fyrirtæki lifir eða deyr.

Um aldir hafa stjórnendur fyrirtækja notað ársreikninga til að meta reksturinn. Aðferðin felst í því að skoða tekjur og gjöld liðins tíma og nota slíkt sem spásögn um það hvort fyrirtæki muni vegna vel eður ei. Að mati Eggerts er þessi aðferð ekki lengur einhlít vegna þess að samkeppnisforskot fyrirtækja felst fyrst og fremst í óáþreifanlegum eignum, þ.e. verðmætum bundnum í þekkingu.

Krafan um betri og nákvæmari upplýsingar í rekstri fyrirtækja verður alltaf meiri vegna þess að ný þekking verður örvar til. Veltuhraði þekkingarinnar eykst sífellt. Úrræði fyrir-



tækjanna er að vinna þekkingarskýrslu til hliðar við hefðbundna ársskýrslu.

Auk Eggerts fluttu nokkrir starfsmannastjórar og háskólakennarar fræðileg og hagnýt erindi um þekkingu og fræðslu. Í lok málþings var efnt til pallborðsumræðna.

Sprotapíng 2005

Á þínginu var framtíðarsýn sprotafyrirtækja kynnt og ræddar þær forsendur sem þurfa að vera fyrir hendi til að sýnin verði að veruleika. Milli 30-40 stjórnendur sprotafyrirtækja tóku þátt í mótun framtíðarsýnar og birtist afrakstur þeirrar vinnu í bæklingi sem kynntur var á þínginu.

Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja stóðu fyrir Sprotapíngi í samstarfi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, Rannís, Iðntæknistofnun Íslands, Útflutningsráð Íslands, Samtök

atvinnulífsins og Marel sem sérstaks stuðningsaðila.

Eitt markmiða Sprotapíngs var hefja samræður milli stjórnvalda, fulltrúa þingflokka, fjölmiðla, fjármögnunaraðila og forsvarsmanna sprotafyrirtækja um leiðir til að vinna að markvissri fjölgun og uppbyggingu tækni- og sprotafyrirtækja á Íslandi. Meðal þess sem rætt var er hvort hægt væri að efna til þjóðaráttaks þar sem tekið væri

á öllum þáttum sem máli skipta um vöxt og viðgang sprotafyrirtækja.

Fjölmennti á Sprotapíngi

Sprotapíngið hófst á þremur framsöguerindum en að þeim loknum var farið í þinghópa sem ræddu ólíkar forsendur fyrir uppbyggingu sprotafyrirtækja. Jón Ágúst Þorsteinsson, formaður SSP og framkvæmdastjóri Marorku ehf., kynnti framtíðarsýn sprotafyrirtækja, núverandi stöðu og hvað þarf til að gera sýnina að veruleika. Hann lagði áherslu á samstarf allra

þeirra aðila sem tengjast uppbyggingu sprotafyrirtækja á Íslandi.

Marina Candi frá Háskólanum í Reykjavík fór yfir niðurstöður rannsóknaverkefnis sem hún hefur unnið fyrir tilstyrk Nýsköpunarsjóðs um hvað ríkið hefur lagt beint til uppbyggingar sprotafyrirtækja og hverju sprotafyrirtækin hafa skilað til baka. Greining Marínu sýnir, svo að ekki verður um villst, að greiðslustreymi ríkissjóðs vegna starfsemi sprota og hátækni-fyrirtækja er sjóðnum mjög í hag.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri SA og varaformaður Lífeyrissjóðsins Framsýnar, ræddi í erindi sínu hvernig lífeyrissjóðir geta komið að uppbyggingu sprotafyrirtækja og hvernig arðsemi, einurð og þolinmæði í fjárfestingum í sprotafyrirtækjum væri best tryggð. Ari telur að áhugi lífeyrissjóðanna sé fyrir hendi vegna þess að þar sjá menn fyrir sér góða arðsemi af slíkum fjárfestingum til lengri tíma. Aðkoman verði að vera gegnum sérhæfða áhættufjárfestingarsjóði með tengingum við hæft fólk sem vinnur náð með fyrirtækjunum.

Þátttakendur virkjaðir

Að framsöguerindum loknum var gengið til þinghópa. Þar voru ræddar lykilsurningar sem snerta forsendur árangurs í uppbyggingu tækni- og iðnaðar á grundvelli sprotastarfsemi. Í þinghópum sátu fulltrúar þingflokka, embættismenn, fulltrúar lífeyrissjóða, fjármálafyrirtækja, stuðningsaðila og forystumenn sprotafyrirtækja sem ræddu málin undir stjórn fulltrúa fjölmiðla.

Líflegar umræður urðu í þinghópunum

Í umræðum þinghópa komu fram mörg ólík viðhorf og hugmyndir að aðgerðum sem miða að því að stuðla að því að framtíðarsýn sprotafyrirtækja geti orðið að veruleika. Í mörgum þinghópunum var rædd þörfin á að efna til samstillts áttaks þeirra aðila sem hafa áhrif á starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja. Í lokaályktun Sprotapíngs birtist sterkur stuðningur við að hleypa slíku átaki af stokkunum.

Ályktun sprotapíngs

Undanfarin 15 ár hafa 5 til 10 tækni-fyrirtæki náð því marki að velta einum milljarði á ári á alþjóðlegum markaði og skila sér inn á almennan hlutabréfamarkað. Þannig hafa þau skapað sér skilyrði til útrásar og vaxtar á alþjóðlegum markaði. Í framtíðarsýn SSP kemur m.a. fram það markmið „að frá og með árinu 2010 bætist

árlega að jafnaði tvö ný tækni-fyrirtæki í þann hóp sem veltir yfir einum milljarði á ári og skilar sér inn á almennan hlutabréfamarkað.“

Ef vel er að verki staðið getur slík uppbygging orðið ein meginstoð hagvaxtar á Íslandi á komandi árum (sbr. ráðstefnu upplýsingatækni-fyrirtækja og SI um þriðju stoðina) og jafnframt ein þeirra leiða sem geta tryggt lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum góða

ávöxtun eigna sinna í framtíðinni.

Grunnurinn að slíkri uppbyggingu felst í fjölbreyttri flóru arðvænlegra sprotafyrirtækja í starfsumhverfi í fremstu röð.

Með samstilltu átaki þeirra aðila, sem hafa áhrif á starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja, má renna styrkum stoðum undir að slík sýn geti orðið að veruleika.

Byggingakostnaður vanmetinn

Fasteignamarkaðurinn hefur mikið verið til umræðu að undanförunu enda hefur fasteignaverð hækkad mikið. Í tengslum við þá umræðu hafa ýmsir, einkum greiningardeildir bankanna, bent á að hagur byggingaverktaka sé afar góður um þessar mundir og að markaðsverð á húsnæði sé 30-40% yfir kostnaðarverði nýbyggingar. Í þessum samanburði eru markaðsvirði fasteigna og vísitala byggingakostnaðar lögð til grundvallar. Þessi framsetning er röng og gefur því ekki rétta mynd af afkomu í greininni. Umræðan er til þess fallin að skapa tortryggni í garð byggingaverktaka. Sem betur fer gengur mörgum byggingaverktökum vel um þessar mundir en árin á undan voru greininni hins vegar erfið.



Margvíslegar skekkjur

Ástæða þess að fyrrnefnd framsetningin er röng er margþætt en tengist að mestu mælingum Hagstofunnar á byggingakostnaði. Lóðakostnaður er ekki reiknaður inn í vísitölu byggingakostnaðar en gera má ráð fyrir að hann geti numið allt að 15-20% af verði nýbyggingar á höfuðborgarsvæðinu. Hvað varðar einbýlishús getur sá kostnaður auðveldlega verið um þriðjungur og mörg dæmi um að slíkar lóðir kosti 10-15 milljónir. Launakostnaður við húsbbyggingar í byggingavísitölunni tekur ekki mið af raunverulegum launum sem greiða þarf starfsfólki heldur eingöngu samningsbundnum launum. Þau laun eru í litlu samræmi við markaðslaun og breytingar á þeim. Laun vega 40% í vísitölunni og því er um verulega skekkju að ræða, einkum á uppgangstímum eins og um þessar mundir.

Fjármagnskostnaður byggingaraðila er ekki tekinn með í útreikning á byggingakostnaði. Í árslok skulduðu fyrirtæki í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 69 milljarða króna en þar af nema yfirdráttarlán 24 milljörðum. Af þessum lánum þarf að greiða vexti.

Rétt er að nefna að það ætti ekki að skipta máli hvort verktaki fjármagnar húsbbyggingu með lánsfé eða eigin fé. Þótt fjármagnskostnaður hafi lækkað nokkuð undanfarin misseri hefur fjármögnunarþörfin vaxið mikið, einkum vegna hækkandi lóðaverðs. Hraðari byggingatími vegur að nokkru upp á móti þessu.

Grunnhúsið gamalt

Annar galli á byggingavísitölunni er sá að húsnæðið, sem byggingavísitalan leggur til grundvallar í mælingum sínum, var byggt árið 1985. Húsnæði, sem nú er byggt, er verulega frábrugðið því sem var fyrir 20 árum og gefur því ranga mynd af raunverulegum kostnaði. Þetta er í raun brot á lögum um vísitölu byggingaverðs þar sem athugun á grundvelli hennar á að fara fram eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Fyrrnefndur samanburður á markaðsvirði fasteigna og vísitölu byggingarkostnaðar gefur ranga mynd af byggingamarkaðnum þar sem vísitalan vanmetur verulega veigamikla kostnaðarliði við nýbyggingar. Nauðsynlegt er að endurskoða aðferðir við útreikning

á byggingakostnaði og skoða byggingavísitöluna í heild sinni. Bæði er alvarleg mæliskekkja í vísitölunni en einnig hefur notkun vísitölunnar minnkad mikið.

Starfsemi meistarafélaga í byggingariðnaði

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins hafa á síðastliðnu ári sótt nokkra félagsfundi hjá meistarafélögum og kynnt starfsemi SI. Lögð hefur verið áhersla á kynna þá þjónustu SI sem félagsmönnum innan meistarafélaga stendur til boða. Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að eiga góð samskipti við meistarafélögin sem og aðra félagsmenn. Einnig leggja SI áherslu á að kynna félagsmönnum meistarafélögin hvernig félagsgjöldum er ráðstafað. Ekki gera allir sér ljósa grein fyrir að hluti innheimtra gjalda fer til eigin meistarafélags, hluti til SI og loks hluti til SA. Þá hafa starfsmenn SI einnig kynnt þau verkefni sem unnið er að félagsmönnum til hagsbóta.

Íslensk hönnun í flugstöð Leifs Eiríkssonar?



Á stefnumótunarfundi Félags íslenskra gullsmiða árið 2004 kom fram eindreginn vilji til að auka markaðsstarf sem beint yrði að erlendum ferðamönnum. Þar kom fram að sala til erlendra ferðamanna í miðbæ Reykjavíkur jafnast á við jólasöluna í mörgum verslunum. Halla Bogadóttir, fyrrverandi formaður

FÍG en nú stjórnarkona í SI, hafði á stjórnarfundum Samtaka iðnaðarins talað fyrir nauðsyn þess að íslensk gjafavara, handverk og hönnun verði sýnilegri í Leifsstöð. Þar fengju forvitnir útflendingar nær ekkert að sjá af íslenskri hönnunarvöru ólíkt því sem gerist í flugstöðvum hvarvetna í heim-


inum þar sem einkennisvöru hvers lands er gert hátt undir höfði.

Tækifæri í auglýsingu

Í upphafi árs 2005 auglýsti Flugstöð Leifs Eiríkssonar forval um verslunarrekstur vegna stækkunar flugstöðvarinnar. Stjórn SI ákvað að láta á það reyna hvort þar á bæ væri áhugi á að gera íslenska hönnunarvöru sýnilega, hvort unnt væri að gera viðskiptaáætlun fyrir verkefnið og hvort fjárfestar myndu sýna áhuga. Undirbúningshópur tók til starfa strax í janúar með þátttöku leiðandi fyrirtækja í gjafavöru og fatahönnun auk fulltrúa Félags íslenskra gullsmiða. Á þeim fundum var mótuð stefna byggð á langri reynslu þessara fyrirtækja sem sum hver selja vöru sína víða um heim. Sævar Kristinsson, ráðgjafi, annaðist markaðsrannsókn og annað undirbúningsstarf og í mars var það orðið samdóma álit fólks að viðskiptaáætlunin gengi upp. Ákveðið var að gefa öllum aðildarfyrirtækjum SI á þessu sviði tækifæri til að gerast hluthafar gegn skýrum skilyrðum sem undirbúningshópur og ýmsir sérfræðingur töldu forsendu arðbærs rekstrar. Að loknum undirbúningsviðræðum var saman kominn harðsnúinn hópur, réttnefnt landslið hönnunar- og handverksfyrirtækja. Þá var að því komið að kynna fjárfestum hugmyndina og er skemmst frá því að segja að sá þáttur gekk einnig upp, íslensk hönnunarverslun í Leifsstöð með enska vinnuheitid „Independent people“ var talin eiga framtíð fyrir sér.

Litill metnaður í Flugstöðinni

Viðskiptaáætlun var send inn í forvalið í mars 2005 og komst strax í aðra umferð. Haustið 2005 varð ljóst að stækkun flugstöðvarinnar myndi taka lengri



tíma en til stóð og viðræður við stjórn flugstöðvarinnar tóku þá einnig óvænta stefnu. Í stað þess að ljá máls á sérverslun með íslenska hönnun létu stjórnendur flugstöðvarinnar í ljós þann vilja að vörurnar frá fyrirtækjunum í SI hópnum yrðu seldar í umboðssölu á við og dreif í ýmsum verslunum í flugstöðinni. Var kallaður til sérstakur fundur í SI hópnum vegna þessa og kom í ljós að áhugi fólks náði ekki til slíkrar sölu, heldur væri það einmitt lykilsenda að stilla upp sterkri og afgerandi ímynd íslenskar hönnunarvöru en blanda henni ekki saman við hefðbundna minjagripa eða aðra vöru.

Undarleg vinnubrögð

Þegar þetta er ritað eru afdrif málsins ekki að fullu ljós. Samtök iðnaðarinnar eru ósátt við vinnubrögð í forvali því sem auglýst var og telja að valaðferðin og mat á viðskiptaáætlun standist ekki faglegar kröfur. Útlagður kostnaður Samtakanna við að gera vandaða viðskiptaáætlun var verulegur. Það kom því óþægilega á óvart að sérstök valnefnd, sem forvalsgögnin kváðu á um að afgreiddi umsóknir, hafði enn ekki séð skýrsluna í lok árs 2005. Þá var enn ekki útséð um hvernig stjórn Flugstöðvarinnar afgreiddi málið en flest bendir til neikvæðrar niðurstöðu.

Umgengni og vinnuvernd - markviss vinnubrögð

Samtök iðnaðarinnar, Samiðn og Vinnueftirlitið hófu samstarf á sviði vinnuverndar í málm- og byggingarfyrirtækjum árið 2003. Um var að ræða tíma- bundið tilraunaverkefni sem var ætlað að auka vinnuvernd og bæta umgengni í málm- og byggingariðnaði. Verkefnið gekk undir nafninu BB-verkefnið (Betri líðan - Bættur hagur). Því er lokið en það fólst í því að gera tilraun með notkun tiltekinn kerfa sem þróuð höfðu verið í Finnlandi og gefið góða raun við að bæta öryggi og umgengni á vinnustöðum. Kerfi þessi - eða aðferðafræði - ganga undir nöfnunum Elmeri í málm- iðnaði og TR-mælirinn í byggingariðnaði. Þau eru næsta lík í uppbyggingu en taka sérstaklega á öryggisatriðum sem snerta hvora greinina fyrir sig.

Öryggismál mikilvæg

Finnskir höfundar aðferðanna komu í upphafi verkefnisins hingað til lands og héldu námskeið fyrir verkefnisstjórn og væntanlega leiðbeinendur. Áður höfðu nokkur fyrirtæki í málm- og byggingariðnaði ákveðið að taka þátt í tilraunaverkefninu og að prufukeyrsla færi fram hjá þeim. Að fenginni reynslu töldu þau aðferðina einfalda í framkvæmd og að hún gæti skilað þeim árangri. Samt sem áður varð niðurstaðan sú að fyrirtækjunum reyndist erfitt að láta TR-mælinn og Elmeri virka til lengdar. Í flestum þeirra lagðist innra eftirlit með öllu eða tímabundið niður. Svo virðist sem stjórnendur líti ekki á stjórnun öryggismála sem hluta af stjórnkerfi fyrirtækjanna og fylgi ekki eftir sem skyldi þeim árangri sem næst á hverjum tíma. Þetta er vissulega mikið umhugsunarefni en aðstandendur verkefnisins litu hins vegar svo á að öryggismál og stjórnun þeirra væru meðal mikilvægustu þátta í stjórnun fyrirtækja og ekkert undanfæri að taka fast á þeim.



Samningur um rekstur BB verkefnisins

Gerður hefur verið sérstakur samstarfs- samningur milli Samtaka iðnaðarinnar, Samiðnar og Vinnueftirlitsins um rekstur BB-verkefnisins. Þessir aðilar hafa síðan gert samninga við Menntafélag byggingariðnaðarinnar ehf., um TR-mælinn, og við Fræðslumiðstöð málm- og byggingariðnaðarinnar ehf., um ELMERI. Samningarnir kveða á um að fræðslustofnanirnar kynni og auglýsi námskeiðs sín um TR-mælinn og ELMERI. Þær haldi ennfremur námskeið fyrir skoðunarmenn og komi kerfunum á í fyrirtækjum sem óska að taka þau upp til að halda utan um umgengni og auka með því öryggi á vinnustöðunum.

Nú standa þessi þróuð og þrautreyndu vinnubrögð öllum fyrirtækjum í málm- og byggingargreinum innan SI til boða. Með því má segja að innleidd hafi verið nútímaleg vinnubrögð sem geta komið að miklu gagni og stuðlað að betri umgengni á vinnustað og meira öryggi sem hvort tveggja er forsenda þess að ná árangri í framleiðni og bættum rekstri.

Upplýsingatækni lykill að framtíðinni

Á ráðstefnu, sem Samtök upplýsingatæknifyrirtækja héldu undir yfirskriftinni: „Verður upplýsingatækni þriðja stoðin í verðmætasköpun og gjaldeyristekjum Íslands árið 2010?“ fjallaði aðalfyrirlesari ráðstefnunnar, Wilfried Grommen, framkvæmdastjóri stefnumótunar hjá Microsoft í Evrópu, um tækifæri Íslendinga á sviði upplýsingatækninnar.

Rík, menntuð og tengd

Grommen sagði að Íslendingar hefðu þegar fært sér upplýsingatæknina rækilega í nyt en það væri lykill að aukinni framleiðni og hagvexti. Íslendingar væru meðal mestu tölvu- og netnotenda í heimi þar sem 85% þeirra hefðu aðgang að Netinu, 90 - 96% ættu farsíma og frumkvöðlaumhverfið væri gott. Yfir 80% skattgreiðenda skiluðu skattaskýrslu á tölvutæku formi, sem væri mikið á heimsvísu. Auk þess væru 60-70% landsmanna nettengd við banka. Slíkt væri einstakt fyrir þjóð sem var í hópi þeirra fátækustu við lok síðari heimstyrjaldar. Hæfni Íslendinga til að þrífast í umhverfi alþjóðaviðskipta hefði skipað þeim á bekk með þeim þjóðum sem nyttu besta lífskjara í víðri veröld. „Þið eruð rík, menntuð og tengd“ sagði Grommen.

Skýr markmið

Grommen lagði áherslu á að velgengni upplýsingatækni- iðnaðarins byggðist m.a. á langtímafjárfestingu í grunnkerfi og rannsóknnum og þróun. Koma þyrfti á öflugum samstarfi einkafyrirtækja og opinberra stofnana til að ná forskoti á keppinautana - í næstu bylgju tækniframfara. „Í því felst að íslensk fyrirtæki fá tækifæri til að hasla sér völl langt út fyrir landsteinana og möguleikar til að ná árangri eru næstum ótakmarkaðir. Allt byggist þetta á að setja sér skýr markmið,“ sagði Grommen.

Mikill vöxtur

Grommen sagði að rannsóknir hefðu leitt í ljós að á næstu fjórum árum megi ætla að vöxtur UT greinarinnar í Evrópu skapi tvær milljónir nýrra starfa og 50 milljarða dollara í nýjum skatttekjum. Um helmingur vinnuafslins vinni þá við að skapa, dreifa eða veita þjónustu sem tengist hugbúnaði og meira en helming skatttekna megi þá rekja til hugbúnaðargeirans. Íslenskt þjóðfélag sé eitt þeirra þjóðfélaga þar sem líklegast sé að það geti gerst með djarfri framtíðarsýn og sameiginlegu átaki stjórnvalda, fyrirtækja og menntastofnana. Gromman hvatti m.a til þess:

- Að skapað verði UT umhverfi sem styrkir rannsóknir og þróun.
- Að hugað verði að öryggisatriðum og verndun upplýsinga í tengslum við notkun Netsins í samvinnu stjórnvalda og fyrirtækja.
- Að hægt verði að nota ólík vinnslukerfi á víxl, t.d.



Windows - Linus eða Unix.

- Átak verði gert í staðla- og einkaleyfamálum.
- Að skapa kerfi sem hvetur til rannsókna og verður kveikja að því að fyrirtæki og hæfileikaríkt fólk og geti stuðlað að auknum hagvexti.
- Að nýsköpun verði launuð að verðleikum.
- Að skapað verði íslenskt samfélag mannaúðs sem þrífst í alþjóðlegri samkeppni með fjárfestingu í menntun til að örva unga námsmenn og vísindamenn til að snúa sér að rannsóknnum og þróun á sviði upplýsingatækni.

Þriðja stoðin

Í erindi Ingvars Kristinssonar, formanns Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja, kom fram að sjávarútvegur og stóriðjustefna hefðu stuðlað að hagvexti og bættum lífskjörum á liðnum áratugum en nú væri kominn tími til að virkja mannaúð landsmanna og byggja upp öflugan hátækni iðnað hér á landi sem forsendu fyrir bættum hagvexti og lífskjörum.

Aðrar Norðurlandþjóðir hafi lagt ríka áherslu á uppbyggingu í hátækni iðnaði, s.s. Finnar og Svíar. Einnig mætti nefna Dani sem stefni að því að verða ein af helstu hátækniþjóðum í heimi eftir 10-20 ár. Norðmenn hyggi á næstu 20 árum byggja upp hátækni iðnað sem taka á við af olíu iðnaðinum.

Á sama tíma hefðu stjórnvöld á Íslandi lagt áherslu á almenn rekstrarskilyrði allra atvinnugreina. Ingvar sagði nauðsynlegt að breyta stjórnskipulaginu hér á landi og taka mið af breyttu samfélagi. Hátækni iðnaður væri forsenda fyrir auknum hagvexti og bættum lífskjörum og nú væri lag til þess að tífalda útflutning á upplýsingatækni, í 40 milljarða króna, fram til ársins 2010. Í lok erindisins kom fram að unnið væri að gerð tilboðs til stjórnvalda um „Þriðju stoðina.“ Það var svo afhent iðnaðarráðherra á Iðnþingi.

Hátækniíðnaður að fara eða vera - þarna er efinn

Efnt var til morgunverðarfundar 18. nóvember á Hótel Nordica til þess að ræða stöðu hátækniíðnaðarinnar á Íslandi. Tilfni fundarinnar var útgáfa skýrslunnar Hátækniíðnaður, þróun og staða á Íslandi - staða og stefna á Norðurlöndum og Írlandi og ritsins Hátækniíðnaður, framtíðarsýn og spá.

Fram kom að uppbygging þessa iðnaðar hér á landi er í mikilli hættu. Ljóst er að hann mun standa í stað eða dragast saman verði ekki að gert. Kallað var eftir stefnumótun af hálfu stjórnvalda í málefnum hátækni- og sprotafyrirtækja.

Frummælendur voru Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarinnar, Hörður Arnarson, framkvæmdastjóri Marels hf., Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku hf. og formaður Samtaka sprotafyrirtækja, Ingvar Kristinsson, þróunarstjóri Landsteina-Strengs hf. og Sigmar Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri Stjörnu-Odda ehf.

Gengissveiflur þungbærar

Rauði þráðurinn í máli frummælenda var að sveiflur í gengi krónunnar og ofurgengi hennar um þessar mundir stefndu greininni í voða. Þá væri hvorki nógu vel hlúð að rannsókna- og þróunarstarfi innan hátækniyrirtækja af hálfu stjórnvalda né staðið á verði gagnvart markvissri stefnumótun annarra þjóða á sviði hátækni. Hún felur í sér hagstæð rekstrarskilyrði og verður til þess að það verður mun hagstæðara fyrir íslensk fyrirtæki að leita þangað en berjast hér í bökkum.

Fyrirtæki leggja á flóttu

Það er raunveruleg og aðsteðjandi hættu á að efnileg íslensk fyrirtæki leggi upp laupana eða flytjist úr landi. Þetta gildir líka um þau fyrirtæki sem hefur þrátt fyrir allt tekist að vaxa. Allt eru þetta fyrirtæki með háan innlendan



virðisauka og þjóðhagslega mjög mikilvæg. Þau borga flest há laun, kaupa innlenda þjónustu, greiða skatta og skila arði til eigenda. Hverfi þau úr landi hverfur allur þessi virðisauki með þeim. Að flestum þeirra er mikil eftirsjá og tjónið varanlegt. Hátækni- og sprotafyrirtæki eru í eðli sínu alþjóðleg, reka starfsemi í mörgum löndum og eiga yfirleitt auðvelt með að flytja sig úr stað. Ekki má gleyma að það tekur 10 til 15 ár að byggja upp öflugt iðnfyrirtæki en ótrúlega skamman tíma að rífa það niður.

Aðgerðir þola enga bið

Mikilvægt er að íslensk yfirvöld líti á uppbyggingu hátækniíðnaðar sem fjárfestingu til langs tíma. Grípa þarf til skjótavirkra aðgerða án tafar. Þar er efst á blaði að auka stuðning við rannsóknir og þróun með endurgreiðslukerfi eins og tíðkast t.d. í Noregi og Kanada. Til langs tíma litið skiptir sköpum að draga úr sveiflum krónunnar og koma vaxtastigi og launaþróun á sambærilegt stig og í helstu samkeppnislöndum.

Forsendur vaxtar

- Brýnt er að stjórnvöld, í samvinnu við hagsmunaaðila, móti skýra stefnu sem hafi að markmiði að hvetja til og greiða enn frekar fyrir uppbyggingu hátækniíðnaðarinnar. Mörg helstu samkeppnislönd okkar hafa markað slíka stefnu og sett sér skýr markmið. Hér megum við ekki verða eftirbátar.
- Sveiflur í gengi krónunnar eru miklar og valda erfiðleikum í rekstri. Það á ekki síst við um sprota- og nýsköpunarfyrirtæki sem byggja nær öll vöxt sinn á því að sækja á erlenda markaði. Leita þarf allra tiltækra leiða til þess að lágmarka slíkar sveiflur.
- Vaxtastig á Íslandi er öllum rekstri ákaflega þungbært, ekki síst minni fyrirtækjum og þá sérstaklega nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Efnahagslegt umhverfi hérlendis verður að geta leitt til sambærilegra vaxta og tíðkast í helstu samkeppnislöndum.
- Tækniþróunarsjóð þarf að efla meira og hraðar en nú er gert ráð fyrir.
- Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins þarf að vera sjálfstæður og öflugur fagfjárfestir. Nýlegar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar styrkja stöðu hans verulega en stíga þarf skrefið til fulls með nauðsynlegum lagabreytingum þannig að hann geti beitt sér af fullum styrk við að laða fagfjárfesta á borð við lífeyrissjóði og banka til samstarfs.
- Skapa þarf hagstæð skilyrði fyrir almenna framtaksfjárfesta til þess að taka þátt í fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Laga- og skattareglum vegna slíkrar starfsemi er verulega áfátt og er þrándur í Götu þróunar á þessu sviði.
- Taka þarf upp skattalega hvata til rannsókna- og þróunarstarfs innan fyrirtækja líkt og Norðmenn, Svíar, Frakkar og fleiri hafa tekið upp.
- Enn ríkari áherslu þarf að leggja á verk-, tækni-, og raungreinamenntun með markvissri uppbyggingu menntastofnana og fræðslu og áróðri sem miðar að því að hvetja til náms á þessum sviðum.

Óefnislegar eignir skráðar


Samtök iðnaðarins eru í forsvari fyrir þriggja ára verkefni undir heitinu „Putting Intellectual Capital into Practical Implementation.“ Markmið þess er að samhæfa skráningu óefnislegra eigna fyrirtækja. Norræna nýsköpunarmiðstöðin styrkir verkefnið og samstarfsaðilar eru samtök UT-fyrirtækja á öllum Norðurlöndum.

Samkvæmt líkani, sem notað er í verkefninu, eru slíkar eignir mannauður, skipulagsauður og viðskiptaaður. Upplýsingarnar eru settar fram í svokallaðri þekkingarskýrslu þar sem frásögn af óefnislegum eignum er studd mælanlegum vísbendingum.

Aðildarfyrirtæki Samtakanna á sviði upplýsingatækni taka þátt í verkefninu og munu gera sínar eigin þekkingarskýrslur sem byggjast á þeim samræmdu vísbendingum sem unnið er að í verkefninu.

Fyrirtækin eru skilgreind af fyrstu og annarri kynslóð sem þýðir að þátttaka þeirra og framlag til verkefnisins er mismunandi. Fyrirtæki af fyrstu kynslóð eru tíu talsins og tóku þátt í verkefninu frá upphafi í febrúar 2005. Þessi fyrirtæki gera þrjár þekkingarskýrslur meðan verkefnið stendur.

Af annarri kynslóð fyrirtækja eru einnig um tíu fyrirtæki og áðurgreindur stöðufundur markaði upphaf þátttöku þeirra að verkefninu. Þau munu gera tvær þekkingarskýrslur fyrir lok verkefnisins sem verður vorið 2006.




Um tuttugu UT fyrirtæki eru beinir þátttakendur í verkefninu þar af fimm frá Íslandi en þau eru: Hugvít, Tölvumiðlun, ANZA, Ax hugbúnaðarhús og Tölvumyndir. Ljóst er að mikil reynsla og þekking munu safnast upp við rekstur verkefnisins sem verður vonandi mikilvægur liður í því að fyrirtæki leggi fram þekkingarskýrslur sínar á hverju ári samhliða reglubundnum reikningsskilum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef verkefnisins www.si.is/nhki.

Pappír í allri sinni mynd

Samtök iðnaðarins og Ljósmyndarafélag Íslands efndu til samkeppni meðal félaga í Ljósmyndarafélaginu í tengslum við Daga prentiðnaðarins 22. og 23. september. Þema keppinnar var „pappír í allri sinni mynd.“ Á annan

tug ljósmynda bárust í keppnina en fyrstu verðlaun hlaut Lárus Karl Ingason, auglýsinga- og iðnaðarljósmyndari. Önnur og þriðju verðlaun komu í hlut Pálma Ásbjarnarsonar ljósmyndara.



Pappír í allri sinni mynd eftir Lárus Karl Ingason



Frá verðlaunaafhendingunni, Lárus Karl, Haraldur Nelson og Pálmi

Nám á vinnustað

Samtök iðnaðarins hafa um árabíl beitt sér fyrir auknum skilningi á mikilvægi vinnustaðakennslu iðn- og starfsnáms til jafns við kennslu í skóla. Menntamálaráðuneytið ákvað í mars 2004 að gera tilraun um nýskipan vinnustaðanáms sem byggist á skýrslu SI „Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu“ (2001) og skýrslu sérstaks vinnuhóps ráðuneytisins um málið. Það er mat Samtaka iðnaðarins að tilraunin hafi í heild tekist vel og staðfesti að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi vinnustaðakennslu sé tímabær.

Í desember 2002 tók ríkisstjórn Íslands ákvörðun um að verja 10 milljónum króna til tilraunaverkefnis þar sem kennsla á vinnustöðum skyldi efla, með tilteknu verklagi og beinu fjárframlagi. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, ýtti tilraunaverkefninu úr vör í mars 2004 með þeim orðum að ef árangur af tilrauninni yrði góður myndi það hafa áhrif á framtíðar-fyrirkomulag vinnustaðanáms.

Tilraunin nær til einstakra greina í prentiðnaði, málmíðnaði, matvælaíðn-

aði, verslun og heilbrigðisgreinum. Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins höfðu umsjón með framkvæmd tilraunarinnar í viðkomandi iðngreinum.

Haustið 2005 var gerð úttekt á verkefninu. Nemendur, tilsjónarmenn og stjórnendur fyrirtækja eru spurðir ýtarlega um ávinning af tilrauninni. Meðal annars var eftirfarandi metið: innihaldslýsingar vinnustaðanáms, ferilbækur, ávinningur fyrirtækja, kostnaður fyrirtækja, námskeið tilsjónarmanna, árangur fyrirtækja og nemenda. Niðurstöður úttektarinnar liggja fyrir og sýna í stórum dráttum að rétt sé að halda áfram á þeirri braut sem tilraunin markaði.

Samtök iðnaðarins sendu menntamálaráðherra skriflegt erindi og áttu síðan fund með honum þar sem áréttað var að tilraunin kallaði á framhald við hæfi.

Þar leggja Samtökin til að:

- Stjórnvöld hrindi í framkvæmd áætlun um vinnustaðanám sem byggist á reynslu sem fékkst af tilraunaverkefni um vinnustaðanám.



Mikilvægt er að náíð samráð verði haft við viðkomandi atvinnugreinar um skipulag og tilhögun vinnustaðanáms.

- Stjórnvöld taki ákvörðun um fjármögnun vinnustaðanáms.
- Fyrirtæki, sem standast skilgreindar kröfur til þess að teljast fær um að annast vinnustaðanám (kennslufyrirtæki), geta sótt um framlag til að standa straum af kostnaði við tiltekinn hluta vinnustaðanáms.

Meðferð sláturúrgangs

Á fyrri hluta árs 2005 leitaði Úrvinnslusjóður eftir álit Samtaka iðnaðarins á þeirri hugmynd að leggja úrvinnslugjald á sláturdýr. Gjaldið ætti að standa straum af kostnaði við úrvinnslu og förgun sláturúrgangs en umhverfisráðuneyti hafði sent sjóðnum erindi þar að lútandi. Sláturleyfishafar og kjötvinslur í Samtökunum lögðust eindregið gegn hugmyndinni en lögðu aftur á móti áherslu á að fyrirtæki í greininni fengju tækifæri til að koma með tillögur til að leysa vandann og gerðu Samtökin það að aðaláherslu í umsögn sinni. Úrvinnslusjóður tók undir öll sjónarmið SI í umsögn sinni til umhverfisráðuneytis.

Um mitt ár boðaði umhverfisráðuneyti til fundar með hagsmunaaðilum þar sem því var lýst yfir að fallið yrði

frá hugmyndum um úrvinnslugjald en tekið tillit til hugmynda iðnaðarins um leiðir til úrlausnar. Samtök iðnaðarins tóku að sér að safna gögnum um umfang úrgangs frá slátur- og kjötiðnaði og taka saman greinargerð um raunhæfar lausnir. Skýrslu um efnið var skilað til umhverfisráðuneytis í október. Undir lok ársins óskaði umhverfisráðuneytið eftir afstöðu Samtakanna til hugmynda um að banna urðun ómeðhöndlaðs sláturúrgangs frá 1. janúar 2009.

Samtökin skiluðu sameiginlegri umsögn með Landssamtökum sláturleyfishafa. Í umsögninni var ekki lagst gegn banni við urðun en farið fram á að frestur verði lengdur til 1. janúar 2012. Jafnframt var lögð áhersla á að hugtök eins og meðhöndlun verði skilgreind og að gefið verði svigrúm til



að mismunandi leiðir til meðhöndlunar geti þróast. Þetta er afar mikilvægt í ljósi þess að nú þegar eru ýmsar leiðir til athugunar hjá fyrirtækjum og alls ekki víst að sömu úrræði henti alls staðar.

Frá hugmynd til markaðar



Í tilefni Daga íslensks prentiðnaðar í september héldu Samtök iðnaðarins viðamikla ráðstefnu, Frá hugmynd til markaðar. Þar var fjallað um tækifæri sem felast í beinni markaðssókn og nýjungar í miðlun upplýsinga. Virtir fyrirlesarar, innlendir sem erlendir, héldu erindi og að auki voru haldnar þrjár námstefnur með erlendu fyrirlesurunum. Aðsókn var góð og þóttu bæði ráðstefnan og námstefnurnar takast vel.

Lagaumhverfi fjölmiðla

„Ekki verður hjá því komist að velta fyrir sér eignarhaldi samrekinna miðla,“ sagði Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar og viðskiptaráðherra, í ávarpi sínu við setningu ráðstefnunnar. Á þeim stutta tíma, sem liðinn væri frá hinum miklu deilum um fjölmiðlalögin fyrir ári, hefði þróunin á sviði upplýsingamiðlunar haldið áfram og stórir aðilar, sem reka saman ólíka miðla hefðu, stækkað enn frekar. Því væri full ástæða til að huga að því hvernig lagaumhverfi og samkeppni ætti að vera háttað á þeim vettvangi.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, sagði m.a. að Samtökin hafa ákveðið að hefja undirbúning að stofnun starfsgreinahóps á sviði upplýsinga og fjölmiðlagreina, svokallaðs Media hóps. Sveinn nefndi einnig aukna samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og sagði að samkeppni þætti stundum erfið og þreytandi og að fyrirtæki leituðu stöðugt eftir leiðum til að skapa sér sérstöðu á markaði og vildu helst ekki vera á markaði þar sem bardaginn væri harðastur. „Ein leiðin er sú að skapa sér vígstöðu,“ sagði Sveinn, „þar sem reynt er að ná tökum á viðskiptavininum og þvinga hann í nokkurs konar vistarband.“

Virðisaukandi þjónusta

Baldur Þorgeirsson, framkvæmdastjóri framleiðsluviðs Prentsmiðjunnar Odda hf., velti fyrir sér í erindi sínu hvert væri hlutverk prentsmiðja um þessar

mundir. Niðurstaða hans var sú að það ætti að vera að veita virðisaukandi þjónustu sem vissulega fæli m.a. í sér að þrykkja prentliti á pappír. Prentsmiðjur þyrftu líka að beina athyglinni að sérhæfingu og leita lausna fyrir viðskiptavinum sína. Baldur sagði að prentiðnaðurinn hefði gengið í gegnum miklar breytingar og mikil samþjöppun væri á markaði en mikilvægt væri fyrir prentfyrirtæki að missa ekki sjónar á því að veita virðisaukandi þjónustu.

Aðlögun og sveigjanleiki

Hinn 2.500 ára boðskapur kínverska hernaðarsérfræðingsins Sun Tzu í ritinu Listin að heyja stríð á enn erindi við manninn. Donald G. Krause, forstjóri KDH Consulting Company og höfundur metsölubókanna The Art of War for Executives, The Way of The Leader og The Book of Five Ring for Executives kynnti ráðstefnugestum hvernig hin gamla speki kennir að hvetja beri fólk áfram, leiða það, skipuleggja og vinna með því til að ná settu marki. Lykillinn að velgengni, sagði hann, er aðlögun og sveigjanleiki.

Í erindi sínu fjallaði Sólveig Hjalta-dóttir, deildarstjóri söludeildar Tryggingamiðstöðvarinnar, um undirbúning beinnar markaðssóknar þar sem áhersla væri lögð á markpóst.

„Engu máli skiptir hver atvinnugreinin er eða virðisaukandi,“ sagði Jose M. Pons, stjórnarformaður markaðsráðgjafarfyrirtækisins AXIOMA og próffessor til 14 ára við IESE háskólann í Barcelona. „Málið snýst um ávinning og hann næst með því að laga fyrirtæki að þörfum markaðarins.“ Þá minnti hann á að fyrirtækjum væri stjórnad frá æðstu stöðum innan hvers fyrirtækis, frumkvæði ætti að koma þaðan og bregðast yrði við breytingum á markaði skjótt ef ekki ætti illa að fara.

„Við stafrænu byltinguna eru heimili landsmanna að tengjast upplýsinga og gagnaveitu sem býður mikla möguleika,“ sagði Orri Hauksson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans.

Hann sagði að í nánustu framtíð myndi þróunin leiða til miðlægrar uppsprettu upplýsinga og afþreyingarefnis og ekki skipti máli hvernig tól og tæki fólk yrði með til móttöku þeirra þannig að nást myndi eins konar samfella í framboði.

Fjölmiðlar hafi skýrar leikreglur

„Það er nauðsynlegt að fjölmiðlar hafi skýrar leikreglur til að fara eftir,“ sagði Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og aðstoðarframkvæmdastjóri Time Warner, m.a. í viðtali sem tekið var við hann í New York og sýnt á ráðstefnunni. Ólafur Jóhann líkti umhverfi fjölmiðla við knattspyrnuleik og sagði að leikmenn, þjálfarar og dómamar kæmu og færðu en leikreglurnar væru alltaf til staðar og að eftir þeim yrðu allir að fara.

Í pallborðsumræðum, sem Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar 2, Sigurður G. Guðjónsson, stjórnarformaður Árs og dags, útgáfufélags Blaðsins, Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, og Þorgeir Baldursson, forstjóri Prentsmiðjunnar Odda, tóku þátt í, var rætt um stöðu og framtíð upplýsinga og fjölmiðlagreina á Íslandi.

Mörg sóknarfæri dagblaða

Meðal þess sem kom fram í máli fjórmenninganna var að prentmiðlar höfðu enn til neytenda þrátt fyrir þær miklu og öru breytingar sem eigi sér stað í miðlun upplýsinga. Spurning væri hve mikið sú kynslóð, sem nú elst upp við tölvur, muni nýta sér prentmiðla en allar hrakspár hafi ekki ræst og m.a. væri nú dreift daglega um 240 þúsund eintökum af dagblöðum hérlendis sem væri mun meira en var fyrir nokkrum árum. Sóknarfæri dagblaða væru mörg og þau væru í mótvægi við þann hraða sem einkenndi fréttaflutning annarra miðla. Skiptar skoðanir voru um eignarhald á fjölmiðlum. Í kjölfar þess að fjarskiptafyrirtækjum var leyft að eiga fjölmiðla væru viðskiptavinir þeirra t.d. skikkaðir til að kaupa af þeim fjarskiptabjónustu til að öðlast aðgang að fjölmiðli í þeirra eigu.

Áfangaskipt gæðavottun SI

Samtök iðnaðarins, Málmur (Samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði) og Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins hafa unnið saman að sérstöku átaksverkefni til að auka framleiðni í málmíðnaðar-fyrirtækjum.

Nú er hafin kynning meðal aðildarfyrirtækja Málmis á nýrri aðferð til að vinna markvisst að aukinni framleiðni og meiri gæðum framleiðslu og þjónustu fyrirtækjanna. Þessi aðferð byggist á að nálgast viðfangsefnið í fjórum skilgreindum þrepum og jafnframt er útskýrt hvað þurfi til að ná hverju þeirra. Veitt verður aðstoð við þá vinnu í fyrirtækjunum ef eitthvað vantar á til að ná tilteknu þrepi. Fyrst verður metið hvort fyrirtækin standast lágmarkskröfur samkvæmt fyrsta þrepi (D). Standist þau þær kröfur fá þau formlega viðurkenningu um að þau hafi staðist D-vottun SI. Eftir það geta þau látið meta sig í annað þrep (C-vottun SI) o.s.frv. Þar til fjórða þrepi er náð en það gefur A-vottun SI. Þegar þangað er komið stýttist í ISO 9001 vottun.



Með þessu móti er fyrirtækjum auðveldað að taka á þeim þáttum í rekstri sínum sem úrslitum ráða hvað varðar framleiðni. Fyrst er tekið á undirstöðuatriðum og síðan metið hvort lengra skuli haldið þar eð ýmislegt, sem kalla má afrakstur fyrstu þrepa, nýtist til farsællar stjórnunar.

Þessi nýja nálgun er auðvitað ekki bundin við rekstur málmfyrirtækja og því er ekkert því til fyrirstöðu að aðrir faghópar og fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins nýti sér afrakstur þessa starfs.

Kvennafrídagur 24. október

Samtök iðnaðarins ákváðu að minnast 30 ára afmælis kvennafrídagsins sem haldinn var 24. október 1975 með því að birta heilsíðuauglýsingu í stærstu dagblöðum landsins. Í auglýsingunni eru félagsmenn minntir á að öll mismunur á grundvelli kynferðis er bönnuð og þeir hvattir til þess að huga að sérstaklega að stöðu jafnréttis- og fjölskyldumála í fyrirtækjum sínum í tilefni dagsins. Auglýsingin vakti tilætlaða athygli.



Kynbundin mismunur er óheimil

Í tilefni dagsins eru félagsmenn hvattir til að huga stöðu jafnréttis og fjölskyldumála í fyrirtækjum sínum.

Þessi átt SI hefur gildið síð frá kynningu á henni og gildir um allar fyrirtæki sem eru aðilarfélagsmenn SI. Þetta er hluti af átaki til að auka framleiðni og gæðum framleiðslu og þjónustu fyrirtækjanna. Þetta er hluti af átaki til að auka framleiðni og gæðum framleiðslu og þjónustu fyrirtækjanna.

SI
Samtök iðnaðarins



Af ferð stjórnar SI til Kína

Beijing og síðan Sjanghai en lengdi dvölinna þar. Hjónin Marc og Íris Vincenz ásamt Óttari Hreinssyni, bróður Írisar, skipulögðu heimsóknir í ýmis framleiðslufyrirtæki bæði í eigu erlendra aðila og Kínverja. Sjálf eiga þau hjónin myndarlegt fyrirtæki M-Craft/Group á sviði byggingavöru, verkfæraframleiðslu og fleira. Stjórn SI og fylgdarlið nutu einstakar gestrisni og greiðvikni þeirra.

Íslendingar svifaseinir

Segja má að Íslendingar hafi verið heldur seinir til að kynna sér þau tækifæri sem fyrir hendi eru í viðskiptum við Kína. Aðrar nágrannaþjóðir eins og t.d. Danir hafa löngu hafið mikil viðskipti á þessum slóðum. Ýmist er þar um að ræða bein vörukaup og sölu en ekki síst útivistun tiltekinnar framleiðslu eða íhluta í eigin framleiðslu fyrir fyrirtæki á Vesturlöndum. Þá er mikið um að vestræn framleiðslufyrirtæki komi sér fyrir með eigin framleiðslu í Kína og framleiði þar fyrir ört vaxandi markað í Kína og öðrum Asíulöndum.

Verulegur skriður komst fyrst á þessi viðskipti um nýliðin aldamót en síðan hafa þau vaxið hröðum skrefum. Fjöl- mörg íslensk fyrirtæki hafa nú hafið viðskipti við Kína með ýmsum formerkjum. Þar er um að ræða iðnaðar-

framleiðslu, fiskiðnað, flutningastarfsemi, flugvéla viðgerðir og -leigu og þannig mætti áfram telja. Erlend fjárfesting og uppbygging í Kína er með hreinum ólíkindum og lætur engan ósnortinn sem þangað kemur. Byggingakranarnir í Shanghai eru eins og þéttur skógur og manngróinn ótrúlegur. Fólk streymir til borganna þótt reynt sé að spyrna þar við fótum. Engin veit hver íbúafjöldi borga eins og Beijing og Sjanghai er í raun og veru.

Ekki bara strit

Það verður hverjum manni ljóst sem kemur til þessara borga að Kínverjar láta sér ekki nægja að taka við mannafsfrekri framleiðslu frá Vesturlöndum sem ekki krefst mikillar sérþekkingar, menntunar eða tækjakosts. Uppbygging á sviði hátækni iðnaðar er hröð og Kínverjar leggja mikla áherslu á menntun ekki síst tæknimenntun. Þeir eru afar áhugasamir um að sækja menntun og reynslu til virtustu háskóla hvarvetna í heiminum. Vesturlandabúar eru ekki einir um að hafa komið auga á að í hátækni iðnaði er verðmætasköpunin mest og þar verða til störf sem allir vilja fá til sín. Innan fárra ára er gert ráð fyrir að landsframleiðsla í Kína verði orðin meiri en í Bandaríkjunum.

Allt frá stofnun hefur stjórn Samtaka iðnaðarins farið reglulega í kynnisferðir og heimsótt fyrirtæki og samtök erlendis. Fyrst var farið til Brussel í samfloti með VSÍ og Verslunarráði en síðar hefur leiðin legið til Írlands, Finnlands, Tékklands og Lettlands.

Tækifæri gripið

Einstakt tækifæri gafst til að heimsækja Kína 15.-22. maí þegar forseti Íslands fór þangað í opinbera heimsókn. Forsetanum fylgdi fjölmennasta viðskiptasendinefnd sem farið hefur frá Íslandi. Stjórn SI fylgdi forsetanum til

Álver á Norðurlandi

Undir forystu Skrifstofu atvinnulífsins á Norðurlandi stóðu atvinnurekendur í Eyjafirði sl. vor fyrir stofnun félags sem fékk nafnið „Ný sókn á Norðurlandi.“ Félaginu er ætlað að stuðla að uppbyggingu stóriðju á Norðurlandi og að vatns- og gufuafli á Norðurlandi verði nýtt og beislað í því skyni.

Áður en til stofnunar félagsins kom gætti talsverðrar togstreitu milli svæða á Norðurlandi um staðsetningu álvers en með samningi milli heimamanna, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og Alcoa var sá ágreiningur lagður til hliðar. Síðan hefur verið unnið að því að finna slíkri starfsemi sem hentugast-

an stað. Þeirri vinnu mun ljúka vorið 2006.

Mörg rök hníga að því að nýta beri þá orku sem fyrir hendi er á Norðurlandi til að byggja upp stóriðju. Þar má nefna að með því eru nýttar auðlindir sem erfitt er að nýta til annarra þarfa í fyrirsjáanlegri framtíð. Uppbygging verður utan helsta þenslusvæðis landsins og byggð eflist á landsbyggðinni án aukinna útgjalda.

Ætla má að 250.000 tonna álver á Norðurlandi skapi 1.500 - 2.000 ný störf á byggingartíma, 350 varanleg ný störf við framleiðslu áls, 600 - 700 afleidd störf, 350 varanleg ný störf annars staðar í landinu. Fólksfjölgun á

svæðinu gæti orðið 2.000 - 2.500 manns.

Framkvæmdirnar á Austurlandi sýna, svo að ekki verður um villst, hverju réttar ákvarðanir í slíkum málum fá áorkað. Eftir áralangan samdrátt er þar nú þensla á fasteignamarkaði og unnið að því að byggja íbúðahúsnæði sem aldrei fyrr. Jafnhliða er unnið að stækkingun skóla, byggingu íþróttahúsa og öðrum opinberum framkvæmdum. Slíkt vaxtarskeið vilja norðlenskir atvinnurekendur sjá á sínu athafnasvæði. Frekari uppbygging stóriðju á helsta vaxtarsvæði landsins hefur auðvitað sömu áhrif að því er varðar störf og fólksfjölgun.

Rannsóknir fyrir ríki eða atvinnulíf?

Árið 2005 var skipulag rannsóknastofnana atvinnuveganna til skoðunar hjá Vísinda- og tækniráði. Annars vegar er lagt til að Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingar- iðnaðarins verðir sameinaðar en hins vegar stofnanir á sviði rannsókna og þjónustu í matvælaíðnaði.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra og sjávarútvegsráðherra skipuðu nefndir til að vinna tillögur í þessu sambandi. Samtökum iðnaðarins bauðst því miður ekki að taka þátt í þessu nefndastarfi, en Samtökin hafa lýst yfir efasemdum um þann tvískipta farveg sem Vísinda- og tækniráð hefur sett málið í.

SI styðja sameiningaráform og útvistun

Samtök iðnaðarins hafa um langt skeið talið æskilegast að rannsóknastarfsemi allra þessara stofnana verði sameinuð með virku rekstrarformi í eina öfluga heild sem starfi í nánum tengslum við atvinnulífið og háskóla á tæknisviðum. Hagræðið ætti að vera augljóst og einstakt tækifæri að tengja þessar stofnanir uppbyggingu háskóla og hátæknisjúkrahúss í Vatnsmyrinni. Með því skapast ný tækifæri til að taka upp þverfagleg viðfangsefni sem krefjast þekkingar á mörgum sviðum og geta fært íslensku atvinnulífi nýja landvinninga á sviðum tækni og þekkingar. Dæmigerð verkefni eru t.d. á matvæla- sviði þar sem metnaðarfull verkefni um aukið vinnsluvirði matvæla krefjast í vaxandi mæli þekkingar á örverum og eiginleikum matvæla í bland við þekkingu á vinnsluferlum, véltækni, upplýsingatækni, sjálfvirkni, efnisækni og jafnvel nanótækni. Á sama tíma gefst kjörið tækifæri til að útvista verkefni sem eiga heima á samkeppnismarkaði þar sem einkaaðilar geta sinnt þjónustunni á skilvirkan og hagkvæman hátt.

Hólfaskipt skipulag er úrelt

Sú stefna að fara í þessa skipulagsvinnu í tvennu lagi þar sem haldið er í úrelt hólfaskipulag atvinnulífsins, er óskiljanleg. Jafnvel þótt nú séu stigin hægfara skref í þá átt að stækka einingarnar er ljóst að þær verða áfram of litlar og veikburða auk þess sem útvistun þjónustuverkefna er lítil gaumur gefinn í tillögum nefndanna. Í þessu fyrirkomulagi felst í raun fortíðarhugsun sem endurspeglar úrelt skipulag atvinnuvegaráðuneytanna sem löngu er orðið tímabært að breyta.

Ýmist er togast á um hver eigi að ráða ferðinni í mikilvægum málum eða að verkefni falla óleyst einhvers staðar milli ráðuneyta þar sem enginn sinnir þeim. Sama á við um rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem oft keppa um hylli ráðuneyta sinna en hafa takmarkað svigrúm til að koma til móts við óskir og framtíðarþarfir atvinnulífs sem ekki fellur að atvinnuvegaskiptingu ráðuneytanna. Aðrar Norðurlandþjóðir hafa lagt mun meiri áherslu á að laga skipulag ráðuneyta og stofnana sinna að breytingum í atvinnulífinu en gert hefur verið hér á landi.



Óljós tengsl við framtíðaruppbyggingu atvinnulífsins

Í tillögum nefndar um matvælarannsóknir er lagt til að rekstrarformið verði einkahlutafélag í eigu ríkisins og sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu. Í greinargerð er gengið út frá því að 7 manna stjórn verði skipuð tveimur fulltrúum sjávarútvegsráðherra, einum fulltrúa landbúnaðarráðherra, einum fulltrúa iðnaðarráðherra, einum fulltrúa umhverfisráðherra, einum sameiginlegum fulltrúa HÍ, HR, HA og Landbúnaðarháskólans og loks einum fulltrúa SA.

Tillögur nefndar iðnaðarráðherra hafa ekki verið lagðar formlega fram en eftir að nefndin lauk störfum hefur vinnan verið í farvegi innan ráðuneytisins.

Í báðum hópum er lögð áhersla á hagræðingu og samlegðaráhrif en lítið fer fyrir umræðu um þann árangur sem að er stefnt í samstarfi við starfsgreinar atvinnulífsins hvað þá að horft sé til framtíðaruppbyggingar, t.d. í hátækniiðnaði. Mest fer fyrir umræðu um innra skipulag og tilfærslu á áhrifum til ráðuneytanna.

Sögulegt tækifæri sem verður að nýta

Ljóst er að framundan er sögulegt tækifæri til að ná meiri samhæfingu í starfsemi rannsóknastofnana og háskólana í takt við þarfir fyrirtækja sem byggja á rannsóknum og þróunarstarfi. Á sama tíma væri hægt að útvista ýmis þjónustu-, prófana- og mælingaverkefni t.d. í matvælaíðnaði og mannvirkjagerðar sem betur eru komin í höndum einkaaðila á samkeppnismarkaði.

Þær tillögur, sem nefndir iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra hafa kynnt, geta í besta falli talist tímabundin skref í þessa átt og hvað varðar útvistun verkefna ganga tillögur nefndar sjávarútvegsráðherra um stofnun Matvælarannsóknna hf. í þveröfuga átt. Í ljósi þess að allar breytingar taka tíma og kosta fjármuni hafa Samtök iðnaðarins lagt áherslu á að nýta betur það sögulega tækifæri sem nú gefst til að taka stærra og metnaðarfullra skref.



Gæðastjórnunaráttak SI 2005

Samtök iðnaðarins halda áfram að kynna og hvetja til gæðastjórnunar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir.

Markviss vinna á þessu sviði hófst árið 1998 og ef að líkum lætur verða fyrirtækin, sem hafa tekið beinan þátt í verkefnum, orðin 100 talsins í byrjun árs 2006. Þá hafa rúmlega 300 manns af öllum sviðum mannvirkjagerðar sótt námskeiðið, „Gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir“ sem SI hélt nokkrum sinnum á árinu í samvinnu við helstu opinbera verkkaupa landsins.

Samtök iðnaðarins hafa átt góða samvinnu við þessa sömu verkkaupa um kröfur og eftirfylgni Vinnueftirlits ríkisins varðandi „Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.“ SI sömdu námsefni og efndu til námskeiða um gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar í samvinnu við þessa aðila ásamt Vinnueftirlitinu.

SI tóku þátt í gerð verklagsreglna um útboð og samninga í samstarfi við Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi og Fasteignir Akureyrarbæjar.

Samræmdar kröfur verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir, sem SI tóku þátt í að móta fyrir nokkrum árum, hafa náð góðri útbreiðslu en skortur á eftirfylgni verkkaupa hefur dregið nokkuð úr skilvirkni þeirra að mati SI. Þess vegna þarf að leggja enn ríkari áherslu á þann þátt.

Framleiðendur timbureiningahúsa innan SI hafa unnið ötullega að uppbyggingu markvissrar framleiðslustjórnunar og vöktunar en aðlögunartími þeirra til að fullnægja kröfum um CE merkingar rennur út í maí 2006. Samtökin hafa lagt þessum fyrirtækjum lið með ráðgjöf og aðstoð við uppbyggingu og innleiðingu gæðastjórnunar og gæðaeftirlits.

Rekstrarleyfin endanlega afnumin á Alþingi í vor

Lögum um rekstrarleyfi var breytt í vor og nú leikur enginn vafi á að verktakar og iðnfyrirtæki þurfa ekki og eiga ekki að sækja um rekstrarleyfi til Vegagerðarinnar til að dreifa vinnsluvörum sínum eða stunda verktakastarfsemi.

Að undangengnu langvinnu skaki og málaferlum, geta iðnfyrirtæki og verktakar ekið um þjóðvegina með vörur sínar og aðföng án þess að þurfa að leggja inn ársreikninga sína til geymslu og yfirlustrar hjá hinu opinbera.

Ályktun Iðnbings 18. mars 2005

Stöðugleika þarf til að samkeppnis- og útflutningsgreinar þrífist. Hann er frumforsenda þess að unnt sé að byggja upp iðnað á Íslandi. Það er óviðunandi og stórskaðlegt að hann raskist í hvert sinn sem hagvöxtur eykst. Hátt gengi krónunnar, óhóflegur vaxtamunur, sífelld útpensla í ríkisrekstrinum og mjög hátt raungengi um þessar mundir valda því að framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum er rutt úr vegi eða úr landi í stórum stíl. Áður fyrr tengdust hagvaxtar-skeið jafnan auknum afla eða hækkandi afurðaverði en nú hin síðari ár stóriðju- og virkjanaframkvæmdum. Þótt orsakirnar séu nú aðrar eru afleiðingarnar þær sömu.

Í atvinnumálum eigum við um tvær leiðir að velja. Annars vegar að keppa við láglaunasvæði í frumframleiðslu og hefðbundnum lágtækni iðnaði eða að fylgja fordæmi þeirra ríkja sem mestum árangri hafa náð. Nágrannþjóðir okkar búa í haginn fyrir atvinnulíf sitt með stöðugum gjaldmiðli, aukinni áherslu á hátækni iðnað, menntun og rannsóknir. Haldbesta leiðin til að auka hér kaupmátt og velmegun í framtíðinni er að feta sömu slóð.

Það er alls ekki sjálfgefið að hér vaxi upp kröftugur og þróttmikill iðnaður sem byggist á hátækni. Til þess þarf samstillt áttak um efnahagslegan stöðugleika, gott menntakerfi, rannsókn- og þróunarstarf og loks þarf að efla fjárfesta á borð við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins svo þeir geti fjárfest í vænlegum sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum með þolinmóðu fjármagni. Vissulega hefur mikið áunnist en við eigum að setja markið hátt og stefna að því að á hverju ári nái að minnsta kosti tvö hátækni fyrirtæki því marki að velta yfir einum milljarði króna.

Mikill kostnaðarauki hjá verktökum vegna hækkunar olíuverðs

Á vordögum 2005 hækkaði olíuverð mikið og hækkað stöðugt til hausts. Alls hækkaði verðið um 35% síðari hluta ársins. Olía er afgerandi kostnaðarliður hjá jarðvinnuverktökum og þeir eru því viðkvæmir fyrir verðsveiflum. Aukin heldur var ástandið alvarlegra vegna þess að flestir verksamningar eru gerðir að vori eða á fyrri hluta árs en verkið unnið á síðari hlutanum. Verktakar voru því bundnir af samningum þegar olíuverð byrjaði að hækka. Sambærilegt ástand ríkti fyrir nokkrum árum en þá brugðust opinberir verkkaupar við og bættu verktökum skaðann. Samtök iðnaðarins hafa beitt sér fyrir svipaðri lausn nú en án árangurs.



Starfsmannaleigur á gráu svæði



Mörg fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins hafa skipt við starfsmannaleigur á undanförunum árum, einkum fyrirtæki í byggingariðnaði. Ólíkt því, sem margir halda, eru þær ekki nýtt fyrirbæri á evrópskum vinnumarkaði heldur aldagamalt en á síðustu árum hefur þrífliða samband starfsmannaleigu, starfsmanns og

notendafyrirtækis orðið ofan á sem form þessara samninga. Annmarkar þessa forms hafa komið fram hér á landi á síðustu misserum þar sem stjórnvöld hafa ekki sett skýrar reglur um skyldur og ábyrgð aðila í þessu sambandi. Íslensk skattayfirvöld hafa kveðið upp úr um að notendafyrirtæki verði gerð ábyrg fyrir skattgreiðslum jafnvel þó að samningar við starfsmannaleigur kveði á um annað.

Í ljósi þessa gáfu Samtök iðnaðarins út viðvörun til aðildarfyrirtækja sinna í nóvember 2005. Þar eru þau vöruð við því að skipta við starfsmannaleigur vegna þessa skattalega umhverfis og bent á að öruggara sé að ráða starfsmenn beint. Þannig verður best komið í veg fyrir hugsanleg vandræði og óvænta bakreikninga. Á sama hátt er óvissa um tryggingar og ábyrgð á vinnuslysum. Ný lög um starfsmannaleigur taka ekki á þessum vandamálum og virðist viðvörun Samtakanna því hafa átt fullan rétt á sér. Þetta er hins vegar óþolandi réttaróvissa og ótrúlegt að stjórnvöld skuli ekki taka hér af skarið með skýrum leikreglum.

IÐAN ehf.

Ný fræðslumiðstöð iðnaðarins

Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samiðn, Félag bókagerðarmanna og MATVÍS undirrituðu í desember 2005 viljayfirlýsingu um að stofna nýja fræðslumiðstöð sem tekur við hlutverki Menntafélags byggingariðnaðarins, Fræðslumiðstöðvar málmíðnaðarins, Fræðslumiðstöðvar hótél- og matvælagreina og Prenttæknistofnunar.

Ákveðið hefur verið að hin nýja starfsemi verði rekin undir nafninu Iðan. Með sameiningu fræðslumiðstöðvanna fjögurra verður Iðan öflug rekstrareining með um 150 m.k. ársveltu. Stefnt er að því að Iðan taki til starfa vorið 2006.

Þetta er mikilvægur áfangi í áralangri viðleitni Samtaka iðnaðarins til að sameina félag sem sinna eftirmenntun í iðnaði.

Eldri fræðslufélög hafa verið mikilvægur bakhjarl iðn- og starfsmenntunar í landinu. Hins vegar hefur smæð þeirra gert þeim erfitt fyrir um umsjón viðameiri verkefna. Markmiðið er því að stofna einingu sem hefur aukinn styrk til að fást við rekstrar- og þróunarverkefni í fræðslumálum iðnaðarins. Til verður hagkvæm stjórnunareining sem ræður við flóknari og fjölbreyttari verkefni en nú eru unnin. Meðal verkefna sem Iðan færst við á næstu árum

- Kennsla í almennum greinum, rekstri og stjórnun
- Þjónusta og ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga
- Þróunar- og umsýsluverkefni fyrir stjórnvöld
- Þróun nýrra námsleiða, t.d. fyrir hópa faglærðra og ófaglærðra sem ekki hafa haft aðgengi að námsframboði
- Aukin áhrif á þróun iðnnáms
- Aukin áhrif á þróun og tengsl háskólanáms við iðnnám
- Aukin samþætting endurmenntunar og gæðastjórnunar fyrirtækja
- Að auka tiltrú á iðnnámi, iðnfyrirtækjum og iðnaðarstörfum

Ráðgjafaráð fjallar um menntamál og fræðslumiðstöðvar

Ráðgjafaráð SI kom saman 28. september til þess að ræða hagræðingu og endurskipulagningu í endurmenntunar- og fræðslustarfi iðnaðarins. Á fundinum fór Sveinn Hannesson almennt yfir þessi mál og greindi frá fyrirhugaðri sameiningu fræðslumiðstöðva iðnaðarins og ávinningnum af henni.

Guðbrandur Magnússon, framleiðslustjóri hjá Morgunblaðinu, minnti á að störf í prentiðnaði hefðu gerbreyst á undanförunum árum og kröfur aukist.

Fyrirtæki reiða sig á öflugra símennta- starfsemi til þess að mæta nýjum kröfum.

Halla Bogadóttir, gullsmíðameistari, bindur vonir við að ný sameinuð fræðslumiðstöð hafi afl til að sinna breiðari hópi fagmanna í iðnaðinum en áður. Það vantar t.d. símenntun í hönnun og þjónustu.


Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, telur að í ljósi þess að atvinnurekendur eigi að hafa afl til breytinga

á fræðslumiðstöðvunum; þeir greiða um 70% af símenntagjaldi til þeirra.

Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, lagði áherslu á að framboð náms í fræðslumiðstöðvum þyrfti að endurspeglar þarfir atvinnulífsins fyrir breytilega kunnáttu og færni. Hún sagði að verksmiðjan framleiddi 19% meira en hún er hönnuð fyrir. Sá góði árangur væri mikið til vegna þekkingar starfsfólks sem á undanförunum árum hefur notið ríkulegrar símenntunar.

LABAK í blóma

Starfsemi LABAK var blómleg á árinu. Sameiginlegt markaðsstarf handverksbakaría á undanförunum árum hefur hleypt miklu lífi í fyrirtækin sem birtist m.a. í því að mikil endurnýjun hefur átt sér stað í innréttingum bakarísúða og þær hafa breyst í sælkeraverslanir og/eða kaffihús sem neytendur virðast kunna vel að meta. Aukin áhersla er lögð á gróf og holl brauð og gekk aðalmarkaðsátak ársins út á að kynna gróf brauð á þýska vísu.



Samráðsvettvangur rafrænna starfshátta

Undanfarin ár hefur áhugi samtaka í atvinnulífi á að efla starf, sem unnið er á vettvangi stöðlunar og samræmingar á sviði upplýsingatækni, vaxið.

Ákveðið var á síðasta ári að fá IMG Ráðgjöf til að gera tillögur að því hvernig best yrði staðið að því að einfalda skipulag og styrkja samstarf þeirra aðila sem unnið hafa að framgangi þessa mikilvæga málaflokks. Þar er um að ræða félögin; ICEPRO- samstarf um rafræn samskipti, GS1 á Íslandi, FUT - fagråd um upplýsingatækni og Skýrslutækni félagi Íslands. Undanfarin ár hafa öll þessi félög sinnt stöðlun og samræmingu á sviði upplýsingatækni fyrir umbygðendur sína.

Markmiðin, sem sett voru fram í upphafi ráðgjafarinnu IMG, voru að:

- Auka hagræði í verklagi stöðlunar og samræmingar í rafrænu umhverfi með betri nýtingu auðlinda, þ.e. þekkingar, mannafla, ferla og fjármuna.
 - Auka slagkraft í störfum samtakanna með aukinni getu, hraðari vinnubrögðum og aukinni skilvirkni.
 - Efla tengingar og stuðning við lykilverkefni með það að markmiði að skapa þeim nauðsynlegar forsendur til farsællar þróunar.
 - Móta vettvang stefnumótunar, samráðs og samræmingar rafrænna starfshátta fyrir íslenskt atvinnulíf og stjórnvöld.
- IMG Ráðgjöf skilaði ýtarlegri skýrslu í október þar sem lagt var til að sameina ofangreind félög í eitt félag sem sinni starfsemi þeirra og skyldum. Ýmis rök voru sett fram sem studdu þá tillögu.

Stjórnir allra framangreindra félaga samþykktu að stíga næstu skref í fyrirhuguðu sameiningarferli og niðurstöðu þeirra vinnu er að vænta innan skamms.

Hugmyndasamkeppni um HR í Vatnsmýri

Í lok árs 2005 auglýsti Háskólinn í Reykjavík forval um þátttöku í hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun háskólabygginga á svæði Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni. Mikill áhugi var á að taka þátt í samkeppninni, bæði hér á landi og erlendis, enda um einstakt verkefni að ræða. Valdir hafa verið fimm aðilar til að taka þátt í samkeppninni og munu keppendur skila tillögum sínum í maí 2006.

Samkeppnin tekur til hönnunar allt að 32.000 fermetra háskólabyggingar auk skipulagshugmynda á um 20 hektara svæði í nágrenni skólans. Sendu 35 innlendir og erlendir

aðilar inn upplýsingar og óskuðu eftir að taka þátt í samkeppninni og flestir þeirra fullnægðu kröfum samkeppninnar. Sérstök áhersla verður lögð á að háskólinn og skipulag svæðisins falli vel að umhverfinu enda um einstakt tækifæri að ræða fyrir Reykjavík og Háskólann í Reykjavík að skapa skólanum og þessu svæði öllu sérstöðu á heimsmælikvarða.

Samtök iðnaðarins eru bakhjarl Háskólans í Reykjavík ásamt Viðskiptaráði Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Samtök iðnaðarins skipa tvo af sjö fulltrúum háskólaráðs.

Ríkisvæðing í upplýsingatækni

Enn og aftur hefur umræða um svokall- að VSK mál verið fyrirferðamikil. Ríkis- skattstjóri hefur túlkað að svokölluð rekstrarþjónusta eða hýsing tölvubún- aðar, sem rekin er innan opinberra þjónustudeilda, teljist ekki í samkeppni við sambærilega þjónustu sem einka- fyrirtæki bjóða.

Þetta hefur m.a. leitt til mikils vaxtar opinberra tölvudeilda vegna þess að þær fá innskattinn ekki endurgreiddan. Það verður til þess, að í stað þess að kaupa þjónustu frá einkafyrirtækjum, er starfsemin byggð upp innan húss. Niðurstaðan er mismunur. Vöxtur fyrirtækja er takmarkaður og mörg þróunarverkefni og viðskiptatækifæri tapast þar sem opinberar stofnanir gera vinnu tölvudeilda sinna sjaldnast eða aldrei að sölu- eða útflutningsvöru.

Krafa Samtaka upplýsingatæknifyrir- tækja er sú að gerðar verði tafarlausar úrbætur á virðisaukaskattkerfinu til að koma í veg fyrir óeðlilegt samkeppnis- forskot opinberra stofnana og annarra þeirra sem eru utan virðisaukaskatt- kerfisins.

Einnig er gerð krafa um að hið opin- bera einkavæði og útihýsi verkefnum á sviði upplýsingatækni og hætti rekstri á því sviði eins gert hefur verið í flestum öðrum greinum atvinnulífsins.

Góð reynsla af ráðgjafanefnd við verkmenntaskóla

Með setningu núgildandi laga um framhaldsskóla frá 1996 var verkmenntaskólum heimilað að setja á stofn ráðgjafa- nefndir „til að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs og ýta undir frumkvæði þeirra við þróun starfsnáms ...“ eins og segir í 30. grein laganna.

Borgarholtsskóli í Reykjavík hefur stofnað tvær slíkar ráðgjafanefndir, fyrir blikksmíði og bílgreinar. Jafnframt setti skólinn sér reglur um skipun og verklag ráðgjafanefnda við skólann en formlega er leitað til viðkomandi starfs- greinaráðs um fulltrúa í slíkar nefndir.

Ekki er vitað til að aðrir skólar hafi nýtt sér þessa heimild og því má segja að hér hafi verið um brautryðjendastarf að ræða og fróðlegt að vita hvernig til hefur tekist.

Ráðgjafanefndin í blikksmíði við Borgarholtsskóla hefur þegar unnið mjög gott starf með skólanum sem birtist í því að næsta haust verður í fyrsta skipti boðið nám í greininni til loka 6. annar í skólanum. Framlag ráðgjafanefndarinnar fólst m.a. í því að leggja sitt af mörkum við að skipuleggja blikksmíðadeildina og velja vélar og tæki. Ekki er nokkur vafi á að þessi þátttaka fulltrúa atvinnulífsins hefur ráðið miklu um að menntamálaráðuneytið hefur sam-þykkt áætlanir skólans um uppbyggingu þessa náms og mun tryggja þá fjármuni sem til þarf.

Þessi góða reynsla er nú að byrja að smita út frá sér og vitað er um aðra skóla sem stefna að því að stofna slíkar nefndir enda hafði löggjafinn vonast til að með því yrðu tengsl atvinnulífs og verkmenntaskóla treyst. Á því er vissulega mikil þörf.



Samstarf um Evrópumál á Bifröst

Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Samtök iðnaðarins, BSRB, ASÍ og SA settu á fót Evrópufræðasetur þann 1. ágúst 2005. Setrið er sjálfstæð stofnun undir sérstakri stjórn og er markmiðið að setrið verði vettvangur fyrir rannsóknir og faglega umræðu á Íslandi um Evrópumál. Sérstök áhersla verður

lögð á málefni sem snerta atvinnulífið. Evrópufræðasetrið, sem hefur aðsetur á Bifröst, mun leita samstarfs við aðrar stofnanir sem starfa að Evrópumálum.

Formaður stjórnar setursins er Ög- mundur Jónasson, alþingismaður og formaður BSRB. Jón Steindór Valdi- marsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins er varaformaður. Forstöðumaður er Eiríkur Bergmann Einarsson, aðjúnkt, en Evrópufræða-

setrið er jafnframt faglegur bakhjarl náms í Evrópufræðum í hagnýtum hagvísindum sem kennd eru til meist- araprófs á Bifröst.

Samtök iðnaðarins líta á þátttöku sína í þessu starfi sem mikilvægan þátt í því að stuðla að upplýstri og faglegri umræðu um Evrópu- og alþjóðamál. Þess vegna taka þau einnig þátt í rekstri Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

Íslenskir dagar



Samtök iðnaðarins standa fyrir „Íslenskum dögum“ þar sem lögð er áhersla á að kynna nýjungar í íslenskrum framleiðslu og áhugaverða framsetningu á vöru og þjónustu. Alls voru haldnir um fjórtíu slíkir dagar í helstu matvöruverslunum á árinu. Samkvæmt könnun SI eru aðildarfirmar tækin almennt mjög ánægð með þann árangur sem kynningarnar og athyglin, sem þeim fylgir, skila í aukinni sölu í kjölfarið. Neytendur hafa líkað tekið kynningunum vel og hafa oft lýst yfir ánægju sinni með að vakinn skuli athygli á íslenskrum framleiðslu. Dagarnir



eru þáttur í landsátaki Samtaka iðnaðarins og aðildarfirmar tækja undir kjörorðinu Þitt val skiptir máli sem hófst í ágúst árið 2004.

Hreinn ávinningur



Ráðstefna um umhverfisstarf í fyrirtækjum, „Hreinn ávinningur - hvað er að græða á umhverfisstarfi fyrirtækja?“ var haldin 28. september 2005. Að ráðstefnunni stóðu Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Umhverfisfræðsluráð og ASÍ. Ráðstefnan var afar vel sótt og urðu miklar og líflegar umræður um kosti og galla vottunar, valkosti fyrirtækja og eftirlit opinberra aðila.

Á ráðstefnunni voru kynnt umhverfisstjórnunarkerfi og vottanir sem fest hafa rætur hér á landi. Þýðing umhverfisstarfs fyrir ímynd og menningu fyrirtækja var rædd og sömuleiðis hvaða gildi slíkt hefur fyrir almenna starfsmenn og samkeppnishæfni. Fjárhagslegur ávinningur og kostnaður af umhverfisstarfi var einnig skoðaður. Framsögumenn voru almennt sammála um að umhverfisstarf skilar hagkvæmni í rekstri sé rétt á málum haldið. Nefnd voru dæmi um beinan sparnað aðfanga, minni losun úrgangs og efna og betri lánskjör. Fram kom að umhverfsvottun skapar sérstöðu sem getur nýst í markaðsstarfi fyrirtækja. Rætt var um nauðsyn þess að opinbert eftirlit sé í

betra samræmi við þörf á eftirliti með fyrirtækjum þannig að innra eftirlit fyrirtækja sé viðurkennt.

Í tilefni af ráðstefnunni var gefinn út bæklingur um umhverfsvottanir sem má nálgast á skrifstofu og á vefsetri Samtaka iðnaðarins.

Verðstríð á matvælamarkaði

Mikið verðstríð geisaði á neytendamarkaði á árinu þegar lágvöruverðsverslanir kepptust um að bjóða niður verð hver fyrir annarri. Þetta gekk svo langt að margar vörur voru seldar langt undir kostnaðarverði. Þó svo að verslunin tæki á sig megnið af kostnaðinum við þessa undirverðlagningu er fjarri því að þessi þróun sé heppileg fyrir framleiðendur.

Annars vegar freistast verslunin til að sækja enn harðar á um afslátt til að dreifa kostnaðinum og hins vegar brenglast verðskyn neytenda þannig að þegar verð viðkomandi vörutegunda færast aftur í raunhæft form þá eru neytendur ekki reiðubúnir að borga sanngjarnt verð og sala dettur niður. Þannig er hætta á að gömul og gróin vörumerki verði fyrir skaða af slíkum aðgerðum.

Þá eru mörg dæmi um að verslanir hætti að hafa á boðstólum vörumerki sem þeir beita í verðstríði til þess að ekki sé unnt að benda á verðhækkunar í könnunum að loknu tímabili undirverðlagningar. Nýtt vörumerki er tekið inn en það gamla fjarlæggt.

Stjórnarkjör

Að venju fór fram stjórnarkjör í tengslum við Iðnþing. Þetta er póstkosning og úrslit eru kunngerð á Iðnþingi.

Vilmundur Jósefsson, Gæðafæði ehf., var endurkjörinn formaður og er þetta síðasta kjörtímabil hans, a.m.k. að þessu sinni, samkvæmt lögum Samtaka iðnaðarins en þar er gert ráð fyrir að enginn sitji lengur en sex ár samfleytt sem stjórnarmaður eða formaður.

Vegna þessarar reglu hvarf Eiður Haraldsson, Háfelli ehf., úr stjórn en Guðlaugur Adólfsson, Fagtaki ehf., náði ekki endurkjöri. Hörður Arnarson, Marel hf. og Sigurður Bragi Guðmundsson, Plastprenti hf., voru endurkjörnir í stjórnina en þau Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitári ehf. og Loftur Árnason, Ístaki hf. komu ný inn í stjórnina.

Fyrir í stjórn voru þau Halla Bogadóttir, Halla Boga gullsmíði, Hreinn Jakobsson, Skýrr hf. og Þorsteinn Víglundsson, BM Vallá hf.

Þeir sex, sem eru næst því að ná kjöri í stjórn, eru kjörnir til setu í ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins til eins árs og eru jafnframt varamenn í stjórn Samtakanna.

Þeir voru þessir í stafrófsröð: Elías Pétursson, E.P. vélaleigu ehf., Guðlaugur Adólfsson, Fagtaki ehf., Guðmundur Tulinius, Slippstöðinni ehf., Helgi Jóhannesson, Norðurmjólk ehf., Hörður Þórhallsson, Actavis hf. og Sveinbjörn Hjálmarsson, Umslagi ehf.

Matur: Hvaðan og hvert?

Í byrjun árs 2005 tóku gildi hjá Evrópusambandinu nýjar reglur sem kveða á um að það verði að vera hægt að rekja öll matvæli og fóðurvörur um alla framleiðslukeðjuna frá hafi og haga til maga. Reglurnar hafa enn ekki tekið gildi hér á landi. Ástæðan er sú að afar langvarandi viðræður hafa staðið yfir milli EFTA og ESB um það hvort reglurnar eigi að gilda um landbúnaðarvörur. Íslendingar sóttu um undanþágu þess efnis að landbúnaðarvörur væru undanþegnar. Hins vegar má búast við að reglurnar taki gildi hér á landi umsvifalaust þegar samningar takast um innleiðingu þeirra í EES samninginn. Því er betra að vera við því búinn að hafa skjalfestuna í lagi til að geta rakið hvaðan öll hráefni koma í viðkomandi vöru og hvert varan fer, þ.e.a.s. eitt skref aftur á bak og eitt áfram. Fyrirtæki, sem flytja vörur út til ESB, hafa að sjálfsögðu þurft að uppfylla þessar reglur frá 1. janúar 2005.

Prentun bóka eykst innanlands

Niðurstöður könnunar Bókasamband Íslands um prentstað íslenskra bóka, sem birtust í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2005, sýna m.a. að hlutfall prentunar innanlands hefur aukist um 1,5% frá síðasta ári. Þetta er sérstaklega vel af sér vikið hjá íslenskum prentfyrirtækjum, ekki síst þegar tekið er tillit til ofurgengis íslensku krónunnar sem gerir samkeppni íslenskra prentsmiðja við erlendar enn erfiðari en ella.

Könnunin sýnir jafnframt að bókatitlum í Bókatíðindum hefur fækkað um 6,6% milli ára en heildarfjöldi þeirra í ár er 608 en var 651 í fyrra. Þess ber þó að geta að bókatitlar voru óvenjumargir í fyrra og hafði þá fjölgað um 20,8% frá árinu áður þótt þeim hefði fjölgað um 11% frá árinu á undan. Í fyrra voru auk þess endurútgefnir titlar innan Bókatíðinda en svo er ekki í ár. Til fróðleiks má geta að þrátt fyrir fækkun titla í ár eru þeir þó 27% fleiri en fyrir þremur árum.

Skipaiðnaður við Faxaflóa í vanda

Samtök iðnaðarins létu taka saman all ítarlega skýrslu um stöðu og framtíð skipaiðnaðarins við Faxaflóa og nágrenni. Meginniðurstöður hennar voru að nýting upptökumannvirkja er ekki nema 20 til 35% og þau eru því langt umfram þarfir. Þeim bátum, sem flest þessara mannvirkja ráða við, fer fækkandi en þeim stærri fjölgar. Rekstarniðurstaða greinarinnar í heild er neikvæð og mörg fyrirtækjanna standa á tímamótun vegna ytri aðstæðna. Þar má nefna að sveitarstjórnir vilja nýta athafnasvæði slippa til annars brúks en upptöku og fyrirtækin verða því að flytja sig um set.

Einstök skipaiðnaðarfyrirtæki á svæðinu hafa hannað tæki og framleiða vörur sem hafa fengið góðar viðtökur á markaði. Ýmsar hugmyndir um úreldingu, samnýtingu og sameiningu upptökumannvirkja og samþjöppun í greininni hafa verið til umræðu innan greinarinnar sjálfar.

Í skýrslunni er varpað fram hugmyndum sem til greina koma til að ná því markmiði að eftir standi fyrirtæki í greininni sem hafa burði til að sinna þjónustu, hönnun og framleiðslu á markaði sem stendur undir rekstri þeirra og gefur hagnað.

Ljóst er að sveitarfélög og hafnastjórnir á svæðinu gegna lykilhlutverki varðandi staðsetningu upptökumannvirkja skipa. Því hafa fulltrúar SI kynnt þeim ofangreindar hugmyndir og átt við þá mjög gagnlegar viðræður um þá þætti sem að þeim snúa. Frumkvæði SI í máli þessu ætti því að gagnast þeim við ákvarðanir sínar og einnig fyrirtækjum í greininni.

Ráðgjafaráð

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sex sem voru næst því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA. Eftir Iðnþing 2005 er ráðgjafaráðið þannig skipað:

Fulltrúar kosnir á Iðnþingi:

Elías Pétursson, E.P. vélaleiga ehf.
Guðlaugur Adólfsson, Fagtak ehf.
Guðmundur Tulinius, Slippstöðin ehf.
Helgi Jóhannesson, Norðurmjólk ehf.
Hörður Þórhallsson, Actavis hf.
Sveinbjörn Hjálmarsson, Umslag ehf.

Mannvirkjagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.
Haraldur Sumarliðason, byggingameistari
Hermann Óli Finnsson, Málameistarafélag Reykjavíkur
Sigurður R. Helgason, Björgun ehf.
Stefán Friðfinnsson, Íslenskir aðalverktakar hf.
Stefán Jónsson, Meistarafélag byggingamanna á N-landi.
Þorkell Gunnarsson, Félag skrudgarðyrkjumeistara

Matvæla-, fóður- og drykkjarvöruiðnaður:

Guðlaugur Björgvinsson, Mjólkursamsalan
Jakobína Sigurðardóttir, Móna ehf., sælgætisgerð
Magnús Ólafsson, Osta- og smjörnsalan sf.

Málmiðnaður:

Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.
Guðmundur Tulinius, Slippstöðin ehf.
Sigurður Guðni Sigurðsson, Þorgeir og Ellert hf.
Þröstur Hafsteinsson, Þ.H. blikk hf.

Prent- og pappírsiðnaður:

Kristþór Gunnarsson, Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Sverrir Brynjólfsson, Svansprent ehf.
Þorgeir Baldursson, Prentsmiðjan Oddi hf.
Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó ehf.
Örn Jóhannsson, Morgunblaðið Árvakur hf.

Húsgagna- og húshlutaiðnaður:

Anton Bjarnason, Glerborg ehf.
Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

Stóriðja:

Gylfi Þórðarson, Sementsverksmiðjan hf.
Helgi Þórhallsson, Íslenska járnblendifélagið hf.
Kristján Björn Garðarsson, Kísiliðjan hf.

Rannveig Rist, Alcan á Íslandi hf.

Raf-, rafeinda- og hugbúnaðariðnaður:

Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.

Ingvar Kristinsson, Landsteinar Ísland hf.

Gúmmí-, plast, efna-, fata- og leðuriðnaður:

Hafrún Friðriksdóttir, Omega Farma ehf.

Helgi Magnússon, Harpa hf.

Magni Örvar Guðmundsson, Netagerð Vestfjarða hf.

Þjónustuiðnaður:

Leifur Jónsson, Skartís ehf.

Starfsmannamál



Bjarni Már Gylfason

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur, hóf störf hjá SI í byrjun mars en fyrrum hagfræðingur Samtakanna, Þorsteinn Þorgeirsson, lét af störfum um áramótin til að taka við embætti skrifstofustjóra á efnahagsskrifstofu fjármála-ráðuneytisins.

Bjarni hefur kennt hagfræði við Verzlunarskóla Íslands undanfarin ár en var áður blaðamaður á Viðskiptablaðinu. Auk þess hefur hann sinnt aðstoðarkennslu í tölfraði við Háskóla Íslands.

Bjarni lauk námi í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og er að ljúka MSc gráðu í hagfræði, einnig við Háskóla Íslands. Þar áður stundaði hann nám í heimspeki við H.Í. Auk hefðbundinna starfa á sviði efnahagsmála og starfsskilyrða iðnaðarins, mun Bjarni jafnframt starfa sem tengiliður við fyrirtæki í stóriðju en það er vaxandi málaflokkur hjá Samtökum iðnaðarins.

Friðrik Ágúst Ólafsson tók við starfi framkvæmdastjóra Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði mars. Auk umsjónar með rekstri og fjárreiðum MIH er Friðrik í hálfu starfi hjá SI og er hlutverk hans þar að vera tengiliður við meistarafélögin innan SI. Honum er ætlað að stuðla að virku samstarfi milli meistarafélaganna og SI svo og að vinna að einstökum hagsmunamálum sem snerta byggingariðnaðinn og einstök fyrirtæki innan greinarinnar. Friðrik tók við starfinu af Guttormi Pálssyni.



Friðrik Ágúst Ólafsson

Nýir félagsmenn 2005

Í upphafi árs voru félagsmenn 1.167 en 1.091 í árslok og hafði því fækkað um 76 á árinu. Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 32 fyrirtækjum beina aðild á liðnu ári og eru þau þessi:

AGR ehf.
Alcoa Fjarðaál sf.
Ath ehf.
Augljós merking ehf.
CCP hf.
Framrás ehf.
Globodent á Íslandi ehf.
Grillið Salatgerð ehf.
GT verktakar ehf.
Hjartavernd
Hollt & Gott ehf.
KLH ehf.
Klæðning ehf.
Kredit ehf. (Sector viðskiptaráðgjöf)
LH-tækni ehf. (Ice Consult)
Líf-Hlaup ehf.
Loftlínur ehf.
Malarvinnslan ehf.
Mentor ehf.
Mjólka ehf.
NimbleGen Systems útibú á Íslandi
Petromodel ehf.
R. Sveinsson ehf.
Rósaberg ehf.
RST Net ehf.
Samskipti ehf.
Sjá ehf. óháð ráðgjöf
Smíðandi ehf.
Sölufélag Austur Húnavetninga
Te og kaffi ehf.
Þyngdarafli ehf.

Þá hafa margir félagar bæst í hópinn hjá aðildarfélögum SI sem eru 26 talsins. Rétt er að benda á að félagatal Samtaka iðnaðarins er að finna í heild sinni á vefsetri þeirra.

Úrvinnslugjald á umbúðir

Álagning úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappi, pappír og plasti hefst í byrjun árs 2006. Úrvinnslusjóður annast um-sýslu gjaldsins og ráðstöfun þess. Leitast er við að skapa sem hagkvæmest skilyrði til úrvinnslu úrgangs og sjóðurinn semur á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á. Atvinnulífið skipar meirihluta í stjórn sjóðsins. Bryndís Skúladóttir situr í stjórn hans fyrir hönd Samtaka iðnaðarins.

Samtök iðnaðarins tóku þátt í undirbúningi við álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir, m.a. í nefnd sem skipuð var um álagningu gjaldsins. Í starfi nefndarinnar var lögð áhersla á að einfalda umstang vegna útflutnings á umbúðum og að gera svokallaðar reiknireglur sanngjarnari. Alþingi samþykkti svo nauðsynlegar breytingar á lögum um úrvinnslugjald í desember 2005. Úrvinnslugjald er lagt á við framleiðslu umbúða og innflutning á vörum. Framkvæmdin snertir því marga. Samtökin kynntu breytingarnar á fundum hjá fyrirtækjum, opnum kynningarfundum og gefið var út kynningarefni í samstarfi við Úrvinnslusjóð.



Úrvinnslugjaldi á pappír mótmælt

Í lok árs lagði Samband Íslenskra sveitarfélaga fram hugmyndir um að leggja úrvinnslugjald á allan pappír. Samtök iðnaðarins mótmæltu því harðlega. Úrvinnslugjald er lagt á vörur sem hafna í almennu sorpi og hagkvæmast þykir eða nauðsynlegt, af einhverjum ástæðum, að skilja frá almennu sorpi og safna sérstaklega. Fyrir hendi er söfnunarkerfi fyrir dagblöð og á höfuðborgarsvæðinu næst ágætur árangur. Komið hefur í ljós að það er ódýrara að safna og endurvinnna pappír en að urða hann með almennu sorpi. Því ættu sveitarfélögin að vera stolt af góðum árangri í söfnun og sparnaði samfara því. Ekki verður séð að úrvinnslugjald muni á nokkurn hátt fjölga leiðum eða möguleikum til að auka söfnun dagblaða.

Byggingarlög

Vinna við endurgerð byggingarlaga hefur nú staðið í rúm fjögur ár. Nefnd umhverfisráðherra hefur unnið nokkuð stíft á árinu. Vinnan hefur einkum snúist um þá þætti sem snerta byggingariðnaðinn töluvert. Má þar nefna ákvæði um einstaklinga, iðnmeistara og byggingarstjóra svo og ákvæði sem snerta hönnuði. Verið er að skerpa línur milli helstu aðila sem að málum koma og auka ábyrgð byggingarstjóra frá því sem er í gildandi lögum. Nefndin gerir ráð fyrir að lagafrumvarp verði lagt fram vorið 2006. Hins vegar er vafamál hvort ný lög verða samþykkt fyrr en haustið 2006.

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri
Yfirstjórn
Fjármál
Félagatengsl



Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarfram-
kvæmdastjóri
Starfsskilyrði
Alþjóðamál
Lyfja- og
líftækniyfirtækni



Árni Jóhannsson
Mannvirki
Verktakar
Opinber innkaup
Útboðsmál
Samgöngur



Ásgeir Magnússon
Skrifstofa
atvinnulífsins á
Akureyri



Bjarni Már Gylfason
Hagtölur
Efnahagsmál
Starfsskilyrði
Stóriðja



Bryndís Skúladóttir
Orku- og
umhverfismál
Líftækniíðnaður
Efnaiðnaður



Brynjar Ragnarsson
Markaðsmál
Kynningarmál
Hönnunarmál



Dagmar E. Sigurðardóttir
Bókari
Álagning félagsgjalda
Innheimta



Davíð Lúðvíksson
Nýsköpun
Framleiðslutækni
Staðlar
Heilbrigðistækni
Samtök
sprotayfirtækja



Eyjólfur Bjarnason
Byggingariðnaður
Mannvirki
Meistarafélag
Útboðsmál



Ferdinand Hansen
Plastiðnaður
Landssamband
veiðarfæragerða
Gæðakerfi
Gæðamál SI



Friðrik Ólafsson
Meistarafélag
iðnaðarmanna í
Hafnarfirði



Guðmundur Ásmundsson
Samtök
yfirtækja í
upplýsingatækni
Upplýsingasam-
félagið



Haraldur D. Nelson
Prentiðnaður
Upplýsinga- og
tölvumál
Fjölmíðlatengsl



Ingi Bogi Bogason
Menntamál
Starfsþróun



Ingólfur Sverrisson
Málmiðnaður
Félag
blikksmiðjueigenda
Málmur



Krístrún Heimisdóttir
Lögræðiráðgjöf
Samkeppnismál
Fyrirtækjalöggjöf
þjónustuiðnaður



María Hallbjörnsdóttir
Gjaldkeri
Félagatal
Aðstoð við
aðildarfélög SI



Ragnheiður Héðinsdóttir
Matvæla- og
fóðuriðnaður
Landssamband
bakarameistara



Valdís Axfjörð
Afgreiðsla
Símvavarsla



Þóra Guðmundsdóttir
Afgreiðsla
Símvavarsla
Innheimta



Þóra Kristín Jónsdóttir
Málfarsráðgjöf
Greinaskrif
Fjölmíðlatengsl



Þóra Ólafsdóttir
Fréttabréf
Útgáfumál

Helstu lög er varða iðnað sett á árinu 2005

- Lög nr. 11/2005 um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum
- Lög nr. 12/2005 um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum
- Lög nr. 37/2005 um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum
- Lög nr. 40/2005 um breytingu á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998, með síðari breytingum
- Lög nr. 44/2005 Samkeppnislög (heildarlög)
- Lög nr. 50/2005 um skattskyldu orkufyrirtækja
- Lög nr. 51/2005 um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum
- Lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins
- Lög nr. 58/2005 um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum
- Lög nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda
- Lög nr. 66/2005 um breytingu á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum
- Lög nr. 69/2005 um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum
- Lög nr. 70/2005 um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl.
- Lög nr. 71/2005 um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum
- Lög nr. 74/2005 um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum
- Lög nr. 84/2005 um breytingu á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum
- Lög nr. 88/2005 Tollalög (heildarlög)
- Lög nr. 114/2005 um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum
- Lög nr. 123/2005 um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994
- Lög nr. 125/2005 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum
- Lög nr. 126/2005 um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum
- Lög nr. 127/2005 um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum
- Lög nr. 131/2005 um breytingu á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðarsjóð launa
- Lög nr. 132/2005 um Fjarskiptasjóð
- Lög nr. 133/2005 um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.
- Lög nr. 134/2005 um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og fleiri lögum
- Lög nr. 136/2005 um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum
- Lög nr. 139/2005 um starfsmannaleigur

Helstu umsagnir Samtaka iðnaðarins um lagafrumvörp árið 2005

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, 314. mál
- Frumvarp til vatnalaga, 268. mál.
- Frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál, 221. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, 179. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum, 708. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum, 649. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum, 327. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 695. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, 697. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um nýtt tækifæri til náms. 131. löggjafarþing. Þskj. 144, 144. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum, 243. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1998, með síðari breytingum, 676. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, með síðari breytingum, 659. mál.
- Frumvarp til samkeppnislaga, 590. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum, 74. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 182. mál.
- Frumvarp til vatnalaga, 413. mál.
- Skýrsla starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um að efla fjárhag Bygðastofnunar, 468. mál.
- Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, 374. mál.

